<sup>1</sup> Udgaven har síðarr, som undertiden findes i gamle Håndskrifter, men ud. Grund i Sprøgbygningen; ti når Ordet forlænges, ser man at der er kun ét r, man siger nl. síðar-a, ligesom betr-a (ikke síðarra). <sup>2</sup>H. isted. f. orðsendingu — drottning. <sup>3</sup>Udg. har voro, som er den nyere Skrivemøde; men da det kommer af var, og går over til væri, er vist nok våro den rette Form hos de gamle, hvor man stundum finder våro. Sædv. skrives det forkortet i Oldbøgerne. <sup>4</sup>vær sejlet ester på (d. e. til Venden).

Héldo þeir Ólafr Svíakonúngr ok Eiríkr jarl til fundar við Svein Danakonúng, ok höfðo þá allir samt úgrynni hers. Sveinn konúngr hafði sent<sup>1</sup> eptir Sigvalda jarli, syni Strútharalds jarls af Skáni, ok samit sætt við hann, eptir því sem Sigríðr drottning hafði ráð til gefit; sendi Sveinn konúngr Sigvalda til Vindlands um sumarit, at njósna um ferðir Ólafs konúngs Tryggvasonar, ok gildra svà til, at fundr þeirra Ólafs konúngs mætti verða ok Sveins konúngs. Fór þá Sigvaldi leið sína, ok kom fram í Vindlandi, fór hann til Jómsborgar, ok síðan á fund Ólafs Tryggvasonar; våro þar fögr orð ok vináttumál af jarli við Ólaf konúng, kom Sigvaldi ser í hinn mesta kærleik við konúng. Sigvaldi jarl var maðr vitr ok ráðugr; en er hann kom ser í ráðagerð með konungi, þá dvaldi hann mjök ferð konúngs austan<sup>2</sup> at sigla, ok fann til þess ýmissa<sup>3</sup> luti; en lið Ólafs konúngs lét geysi illa, ok våro menn hans mjök heimfúsir, er þeir lágu þar lengi albúnir, en veðr<sup>4</sup> byrvænt. Sigvaldi jarl fikk njósn leyniliga af Danmørku<sup>5</sup>, at þá var austan kominn herr<sup>6</sup> Ólafs Svíakonúngs ok Eiríks jarls, svà þat at Danakonúngr hafði þá ok búit sinn her, ok þeir höfdingjarnir mundi þá sigla austan<sup>7</sup> undir

<sup>1</sup> Således Oldbogen fuldt udkrevet (ikke sendt).

<sup>2</sup> østen fra, d. e. fra Veden. <sup>3</sup>G. i Fl. af Ha. Ordet er altså her betragtet, som om ss hørte til Roden, ligesom viss, hvass, o. desl.; ellers anses det sædv. kun for at have enkelt s i Roden, altså i denne Fhf. ýmisa ell. samtr. ýmsa, og s fordobles da kun, hvor et påfølgende r sam-

Vindland með allan herinn, þar er þeir höfðo ákveðit, at þeir mundi biða Ólafs konúngs Tryggvasonar, við ey þá er Svöldr hét; sendu þeir ok þau orð Sigvalda jarli, at hann skyldi svá tilstilla, at þeir mætti þar finna Ólaf Noregs konung. Þá kom pati nökkurr til Vindlands, at Sveinn Danakonúngr hefði her úti, ok gerðist brátt sá kurr, at Sveinn konúngr mundi vilja halda úfrið við Ólaf Noregs konung; en er Sigvaldi jarl varð þess áheyrsi, sagði hann svá til Ólafs konúngs: þessi kvitr er yðr er nú sagðr, er hin mestu lygi<sup>1</sup>, þvíat ekki er þat ráð Sveins konúngs, at leggja til bardaga við yðr með einn saman Danaher, svá mikil lið ok frítt<sup>2</sup> sem þer hafit; en ef yðr er nökkurr grunr á því, at úfrið mun vera gjörr for<sup>3</sup> yðr, þá skal ek fylgja

mensmæltur dermed. (S. 13, Anm. 20). <sup>4</sup> nl. var. <sup>5</sup> Udg. har Danmerku, mindre rigtigen, ti u forudsætter ö i foreg. Stavelse, ikke e. <sup>6</sup> Udg. har her, men dette er G.; hos de gamle har N. sædv. rr, Oldbogen har og på dette Sted herr. <sup>7</sup> d. e. fra Sverrig og Bleking.

<sup>1</sup> Således skrives Ordet rigtig, ikke lýgi, hvilket skønnes af E. lygar; det er blot den forandrede Udtale af g foran i (nl. som j), i den nyisl. Eialekt, der har gjort, at det synes at lyde lýgi. <sup>2</sup> Udg. har fridt, men rettere er tt, hvor Roden kun har et enkelt ð, hvilket da sammenmælter med t til tt; hvor Roden derimod (i Ha. og Hu.) har dd, der bortkastes det ene, og det andet hørde d beholdes foran t; således skjelnes reitt, reitþr fra reidt, reiddr, o. m. desl. (87). <sup>3</sup> Oldbogen har f med en Forkortelse, som kan læses or, ur ell. yr; jeg har anset det rettest at læse for, da Ordet bevislig forekommer i denne Skikkelse i mange gamle Sammensætninger: forkunbar, forvitri, o. desl.

yðr með mínu liði, ok þótti þat enn nökkurr styrkr fyrr, hvar sem Jómsvíkingar fylgðu höfðingjum; mun ek fá þer 10 skip vel skipuð. Konúngr játti því. En er liðsmenn heyrðu þenna úfriðarkvitt, tóko þeir, at kurra því meir, at þeim var leitt<sup>1</sup> þar at liggja búinir svá lengi at ónýtu. En er konúngr varð þess varr, var þat einn morgin, at Ólafr konúngr átti húsþíng við lið sitt, hann stóð upp ok mælti: Öllum mínum mönnum vil ek þakka fylgð ok föroneytí, er þer hafit mer veitt í sumar, vil ek yðr vörkynna<sup>2</sup> at þer þíkkizt nú alls til lengi heiman hafa verit frá eignum yðrum; því vil ek nú örlof gefa, at hvern yðar snúist til heimferðar, sem fyrst verðr búinn með sitt skip, en þeim skal ek kunna enn meiri þökk ok ömbuna<sup>3</sup> góðu, er eigi hrapa meir<sup>4</sup> sinni ferð, en fylgja mer til Noregs. En er fólkit heyrði þetta, vorðu allir gláðer við, ok þökkuðu konungi sín orð. Þá stóð upp einn rískr maðr aldraðr í liði konúngs, ok mælti svá: Þann konung höfum ver yfir oss, at umfram ok úlíkr er öðrum konúngum at aſli ok atgjörvi<sup>5</sup>,

<sup>1</sup> I. af leiðr, leið, forskj. fra leidt, leiddr, leidd, (jf. S. 72, Anm. 2). <sup>2</sup> Islanderne sige nuomstunder vor-kunna (med u som y), den rette gamle Form er troligvis var-kunna ell. vörkunna, med a forandret til ö forme-delst det efterfølgende u, altsd ikke værkunna. <sup>3</sup> skrives også ambana og kan jævnføres med nysomtalte vörkunna.

<sup>4</sup> Således rettere end meirr, fordi man siger meira, ikke meirra, (jf. S. 70, Anm. 1). <sup>5</sup> Oldbogen har atgörvi, men det er en falsk Retskrivning, da man i Oldsproget ofte har gö, kö med hårdt g, k (som görn, kör), altsd

ok þó enn meir at mildi ok allsháttar góðvilia náttúru; nú þó at hans varkyndar goðvili gefi oss leyfi, at hvern fari eptir sínnum vilja, þá heyrir oss at neyta svá þess sjálfræðis, at veita hánum trúlynda fylgð, ok skiljast eigi við hann, meðan hann er utan sitt ríki, allra helzta er nú flýgr sá kvittr í eyru oss, at hánum muni veittar svikligar forsátir af sínnum úvinum; er þat vár hin hæsta<sup>1</sup> sœmð<sup>2</sup> at veita hénnum því fróknari fylgð, ef hann kann þess viðþurfa, sem ver eignum höfðingjann ágætara en<sup>3</sup> nökkurir liðsmenn annarra. Mun oss þá þat í hug, ef svá kann tilbera, sem eigi skyldi, at ver missim hans, svá at ver seem<sup>4</sup> eigi nær; þat mun oss afta æfinliggs trega ok úboetliggs skaða, ef svá illa verðr. En fátt eitt fólk rómaði rœðu hans; gekk þá allr herrinn til skipa, lét Ólafr konúngr þá leysa flotann, ok blása til brottlögu, drógu menu þá upp segl sín. Ólafr konúngr hafði þar 60 skipa, sem ádr er ritat, en Sigvaldi jarl 11 skip, er þeir leystu or höfninni...

247. Þann dag, er Ólafr konúngr leysti flota sinn af höfninni, var veðr lítit ok hagstött, þegar

nødvendig må skrive gjö, kjö, hvor der findes blædt g, k, (som gjörn, kjör), hvilket sidste er Tilfældet i alle Former og Afledninger af denne Rod. Månen finder også at gervi, hvor j ikke bør skrives, fordi ge altid udtaltes med blædt g i Oldsproget. (jf. S. 64, Anm. 1).

<sup>1</sup> Skildes Oldb., og det med Rette, ti der er intet r i Roden, som kunde fordrer hærst, ej heller noget ð, som kunde

undan landi kom; gengu meira smáskipin öll, ok sigldu þau undir veðr á hafit út, en Sigvaldi jarl sigldi nær konungsskipinu, ok kallaði til þeirra, bað konung sigla eptir ser: mer er kunnigast<sup>1</sup>, segir hann, hvar her er djúpast um eyjasundin, en þer munut þess þurfa við þau hin stóru skipin. Sigldi jarl þá for með sín skip, en Ólafr konúngr sigldi þareptir með stórskipunum. En er Sigvaldi jarl sigldi inn at eyjunni Svöldr<sup>2</sup>, þá reru þar menn á móti hánum á einni skútu; þeir sögðu jarli, at herr Danakonungs ok Svíakonungs lá þar í höfninni for þeim, þá lét jarl hlaða seglunum á sínum skipum, ok heimtu þeir með árum skipin inn undir eyna heldr tómliga; hafði jarl 10 skip, sem hann hafði heitit Ólafl konungi til liðveislu, ef hann þurfti; en þat var hit ellista Vindaskipit, er sagt er at á væri menn Ástriðar konungsdóttur, fór su snekkjan í svig við jarls skip, ok þó eigi allnær. Ólafr konúngr sigldi sunnan eptir stórskipunum, hafði hann þar þá 11 skip, en allr annarr herrinn hafði siglt undan út á hafit...

foranledige Skrivemdden hæðst. <sup>2</sup> En gammel Form for sœmd. <sup>3</sup> Sdl. Oldb. med ét n. <sup>4</sup> Sdl. Oldb. rimeligvis at udtale i to Stavelser se em for sœm, ligesom fá-em o. desl. ikke sjem, som tilhører den nyist. Sprogart.

<sup>1</sup> Oldbogen har kunnigast, djúpazt med z, ligesom til Erstatning for r i kunnigar, djúpar, men det synes rettest at indskrænke Brugen af z til de Tilfælde, hvor t, d, ð (ell. højt n) er udeladt. Det er desuden et stort Spørgsmål om denne Endelse nogensinde har været arst, eller skullet være så, i regelrette Ord. <sup>2</sup> Udg. hør Svavldr, ligesom

**248.** Sveinn Danakonúngr, Ólafr Svíakonúngr ok Eiríkr jarl lágu þar undir eyjunni með allan her sinn, sem áðr er sagt, þá var veðr fagrt ok sólskin bjart. Gengu þeir þá upp á hólminn allir höfðingjarnir, ok mæklar sveitir hersins með þeim; en er þeir sá at skipin Norðmanna sigldo mjök mörg saman út á hafst, við þat vurðu þeir harðla glaðir, þvíat herrinn þeirra lét illa, er þeir höfðu þar legit at únýtu svá lengi, at sumum þótti örvaent, at Norðegs konúngr mundi koma til móts við þá; ok nú sá þeir hvar sigldi mikit skip ok glæsilt, þá mæltu báðir konungarnir: þetta er mikit skip ok einkar fagrt, þat mun vera Ormrinn lángi. Eiríkr jarl svarar: ekki mun þetta Ormrinn lángi, meiri ok rausnarsamligrí mun Ormrinn reynast, en þó er þetta mikit skip ok frítt; ok svá var sem jarl sagði, þat skip átti Styrkárr af Gimsum. Litlu síðar sá þeir, hvar sigldi annat skip miklu meira ok á höfuð; þá mælti Sveinn konúngr: nú mun her fara Ormrinn lángi, fórum nú til skipa yárra, ok verðum eigi ofseineir í mótt þeim. Eiríkr jarl svarar: eigi mun þetta vera Ormrinn lángi, þó er þetta vel búit; var ok svá sem hann sagði, þat skip átti Porkell

*Oldb., i de gamle Håndskrifter finder man nl. ofte au ell. av, og ofte blot o for ö, man har derfor undertiden beholdt av i Udg. for at vise, det virkelig er ö, ikke o der findes i visse Navne; kun at har man i senere Tider forkastet (for ö), da det har en anden Bestemmelse i Sproget, nl. som Tveleyd; man har da ladet trykke av isteden, hvor man dog vilde tilkjendgive den gamle Retskrivning.*

nefja, bróðir Ólafs konúngs, en eigi var hann sjálfur þará. Ok nú sá þeir sigla mikit skip ok frítt, þá mælti Sveinn konúngr: þar má nú sea<sup>1</sup> konungs-skipit. Jarl svarar: víst er þetta mikit skip ok glæsilt, en þó mun Ormrinn lángi miklu ágætligri. Ok þegar eptir sigldi hit fjórða skip mikit; þessi 2 skip áttu þeir Víkverjarnir, mágar konúngs, Forgeirr ok Hyrmíngi, en eigi stýrðu þeir skipunum, þvíat þeir væro báðir á Orminum lánga með Ólafi konungi. Lítilli stundo síðar sigldi hit fimta skip, miklu meira en hin er áðr höfðo siglt, þá mælti Sveinn konúngr hlæjandi: hræddr er Ólafr Tryggvason nú, er hann þorir eigi at sigla við höfuð á dreka sínum. Eiríkr jarl svarar: ekki er þetta konungsskip; þetta skip kenni ek gjörla, ok svá seglit, þvíat her er stafat segl, þat á Erlíngr Skjálfgísson af Jaðri. Látum þá sigla, þvíat ek segir<sup>2</sup> yðr satt af, at þar ero þeir drengir innan bords, ef ver leggjum til bardaga við Ólaf Tryggvason, at oss er betra þar skarð ok missa í flota hans, en þetta skip svá skipat sem er, þvíat ek hygg, at Erlíngr sjálfur stýri skeiðinni. Þá mælti Ólafr Svíakonúngr: eigi skyldim ver nú ofmjök ædrast at

<sup>1</sup> *Sdl. Oldb. ist. f. sjá; da den ellers ikke bruger e for j, turde herved betegnes en ældre Udtale af Ordet i to Stavelser (d. e. sa - a'), og denne Form, som svarer til Nut. se, ser, og til t. se-hen, fortjente at beholdes.* <sup>2</sup> *Sdl. Oldb. mdskj for at opfylde Gabet imellem i og y, ellers findes også undertiden den 2. og 3. Ps. Endelser i Nut, hos de gamle udstrakte til den 1ste.*

leggja til bardaga við Ólaf Tryggvason, þóat hann hafi skip mikit, þvíat þat er úbætlig svívirðing, ef ver liggjum her við úvígjan her, en hann sigli þjóðleið for utan. Eiríkr jarl svarar: herra! látum þetta skip undan sigla sem hin fyrri, þvíat ek mun segja þer svá gðö tifindi ok sönn, at Ólafr konúngr hefir en eigi um oss sight, ok sannliga munut þer pennu dag kost eiga at berjast við hann; ok þat vænna<sup>1</sup>, þó at hvern værr værr þriggja, er höfðingjar skulum heita fyrir her þessum, hafim líð mikit híngat dregit, at ver fáem þá hríð áðr þessi dagr er allr, at ver þíkkimst hafa ørit at vinna, þóat þessi skip se eigi við bardaganu, sem nú hafa um sight; ok nærgætr varð Eiríkr, því at þar var Erlíngr á skeið sinni, ok sigldi þá frá Ólafrí konúungi mági sínum, svá at hann sá hann aldri síðan, ok margir aðrir vaskir drengir ok vinir konungs. Ok er eigi leið lángt frá því er þessi 5 stór skip höfðo umsigt, ok áðr allr smáskipaflotinn, þá sá þeir ok kendu skip Sigvalda jarls, ok viku þau þángat at hólminum; síðan sá þeir hvar sigldu 3 skip, ok var eitt af þeim mikit höfðaskip, þá mælti Sveinn konúngr: gángi menn nú til skipanna, þvíat her ferr nú Ormrinn lángi. Eiríkr jarl mælti: mörg hafa þeir önnur stór skip ok glæsilig en Orminn lánga, en sá hafa enn um sight, ok biðum enn; þá mæltu margir menn: nú má sea, segja þeir, at Eiríkr vill eigi berjast við Ólaf Tryggvason, ok eigi þorir

<sup>1</sup> d. e. mere at formode, nl. end det modsatte, altså: og det (er) högst rimeligt.

hann nú at hefna föður síns, ok er þetta svá mikil skómm, at sprjast mun um öll lönd, ef ver liggjum her með jafnmiklu líði, en Noregs konúngr sigli við hönd fulla manna, við her værn at jafna, á haf út her hjá oss sjálfum. Eiríkr jarl varð mjök reiðr við orð þeirra, bað nú alla menn gánga til skipa, en þess væntir ek, segir hann, þó at þer Danir ok Svíar frýt mer nú mjök hugar, at yðr hvárumtveggjum se eigi úleiðara, áðr en sól gengr í ægi í kveld, en mer ok mínum mönnum. En er þeir gengu ofan, sá þeir, hvar sigldu 4 skip mikil, ok eitt af þeim var dreki mikill gullbúinn; þá mælto margir menn, at jarl hefði satt sagt, ok her ferr nú Ormrinn lángi, segja þeir, ok er hann furðu mikit skip ok frítt, svá at ekki lángskip mun slíkt gert hafa verit at fcgrð ok vexti á Norðlöndum, ok er eigi kynligt, at sá konúngr se ágætr viða, er rausn hefir til at láta gera slíka gripi. Þá stóð upp Sveinn konúngr ok mælti: hátt mun Ormrinn bera mik í kveld, hánum skal ek stýra. Þá mælti Eiríkr jarl: þó at Ólafr konúngr Tryggvason hefði ekki meira skip en þetta, er ver seám<sup>2</sup> nú, þá mundi Sveinn konúngr þat aldri fá unnit af hánum með einn saman Danaher. En þessi hin stóro höfðaskip, er þeir ætlaðu Orminn lánga, var hit fyrra Tranan, en hit síðara Ormrinn skammi. Dreif nú alt<sup>1</sup> fólk til skipanna, ok ráku af ser tjöldin, skipaðu höfðingjar þá herinum til atlögu, ok er

<sup>1</sup> Sál. Oldb. for allt. <sup>2</sup> Dette synes dog at stride imod den S. 77, Anm. 1 ytrede Formodning.

svá sagt, at þeir hlutaðu um, hvern þeirra fyrst skyldi leggja at sjálfu konungsskipinu, Orminum lánga, ok laut<sup>1</sup> Sveinn Danakonúngr fyrst at at leggja, en þá Ólafr Svíakonúngr, en síðarst Eiríkr jarl, ef þess<sup>2</sup> þyrfti við, ok skyldi hvern þeirra eignast þau skip, er sjálfir vynni, ok hryði af Ólafi konungi með sínū líði. En er höfðingjarnir áttu þetta at tala sín í milli, sem nú var frásagt, þá sá þeir hvar sigldu 3 skip allstór, ok hit fjórða síðarst; sá þá allir mikil drekahöfuð á framstafni þess skips, ok búti svá sem á gull eitt sæi, ok ljómaði viða af á sjáinn, er sólin skein á. En er menn sá þará, undraðust þeir mjök lengð skipsins, þvíat stund var í milli, er þeir sá framstafninn, ok hinn eptri kom fram; kendu þá allir, ok mælti þá engi í móti, at þat var Ormrinn lángi. En við þessa sýn varð margr maðr hljóðr, ok skaut almúginum þegar skelk í bríngu ok ótta; var þat eigi undarligt, þvíat þetta hit mikla skip flutti þar dauða furðu mörgum manni. Þá mælti Eiríkr jarl: makligt ok sömiliðt er þetta hit ágæta skip slískum konungi, sem Ólafr er Tryggvason, þvíat þat er til hans sanntalat, at hann berr svá af öðrum konungum, sem Ormrinn lángi af öðrum skipum.

249. Þá er þeir Sigvaldi jarl höfðu hlaðit seglum á skipum sínum, ok reru inn undir hólminn,

<sup>1</sup> Ellers hlant af hlýt. <sup>2</sup> Sál. Oldb. med en usáde. Forkortelse; þeir Udg. en urigtig Læsmáde.

þá sá þeir þat, Þorkell dyðrill af Trönunni<sup>1</sup> ok aðrir skipstjórnarmenn, þeir er með hánnum fóro, at jarl sneri sínum skipum inn undir hólminn; þá hlóðu þeir seglunum, ok reru inn eptir hánnum, ok kallaði Þorkell á Sigvalda jarl, spurði hví hann sigldi eigi? Jarl sagði at hann vildi biða Ólafs konungs: ok er meiri ván, segir hann, at úfriðr se for oss. Létu þeir þá fljóta skipin, þartil er Þorkell nefja kom eptir með Orminn skamma, ok þau 4 skip er hánnum fylgdu; váro þeim sögð hin sömu tíðindi, hlóðu þeir þá ok seglunum sínum, ok létu fljóta, ok biðu svá Ólafs konungs; en floti konunganna lá inni á höfninni, ok máttu þeir ekki til sea, hversu mikinn her þeir höfðu. En er Ólafr konúngr sigldi innan at hólminum, ok hann sá at hans menn höfðo lægt seglin, ok biðu hans, þá stýrði hann á veðr þeim, ok spurði hví þeir sigldi<sup>2</sup> eigi; en þeir sögðu konungi, at úfriðar herr var fyrir þeim, ok báðu hann flýja. Konúngr stóð upp í lyptíngunni við þessa tíðindasöga, ok mælti til sinna manna: látit síga seglit sem skjótast, en sumir leggi árar á borð, ok taki skriðinn af skipinu; ek vil gjarna berjast heldr en flýja, ek hefir enn aldri flýt í orrosti; ráði guð lífi mínu, en aldri skal ek á flóttu leggja, þvíat sá er ekki rættr konungur, er flýr óvini sína for hræðslu sakir...

Var nú svá gert, sem konungr mælti, ok rendi Ormrinn framhjá skipunum, ok heimtu lidsmenn önnur skipin fram með árum. Reri þá ok

<sup>1</sup> Oldb. kar Tranum i Ha. <sup>2</sup> Sál. Oldb. i bet. M.

fram undan eyjunni allr herr konunganna; vurðu höfðingjarnir mjök glaðir við þat, er þeir sá Ólaf konung kominn í sínar umsátir. En er Ólafr konungr Tryggvason ok allir hans menn sá at sjárin var viða þaktr í nánd þeim af herskipum sinna móstöðumanna, þá mælti til konungs einn vitr maðr ok hraustr, þorkell dyðrill, móðurbróðir hans: herra! segir hann, her er mikil ofrefli liðs við at berjast, drögum seglvár, ok siglum út á hasit eptir liði våro, þat má enn vel takast, meðan úvinir vårir búa sik til orrosto, er þat engum manni til bleydí virt, þó at hann scáe hóf for ser eðr liði sínu. Ólafr konungr svarar hátt ok mælti: tengi saman skipin, ok búi menn sik til bardaga, ok bregði sverðunum, ekki skulu mínr menn hyggja á flóttu...

Ólafr konungr lét blása til samlögu þeim 11 skipum, sem hann hafði þar, var konungsskipit í miðju liði, en þar á annat bord Ormrinn skammi, en á annat bord Tranan ok önnur 4 skip út í frá til hvárrar handar; var þetta lið, þó at hann hefði skip stór, lítill riðull manna hjá þeim úvígja her, er hans úvinir höfðu; misti hann þar nú hers síns, sem vita mátti. Er þat margra skynsamra manna mál, at Ólafr konungr mundi skjótt sigr hafa unnit á sínum móstöðumönnum, ef þá hefði þar verit þau 5 stórskip, er áðr var getit, ok allr sá skipaflofi, er frá hánum hafði siglt, svá margr hraustr drengr sem á þeim var, svá ervitt<sup>1</sup> sem nú veitti

þrimr höfðingjum með úflýjanda her, at sigra hann við svá fá skip, sem hann hafði...

Menu Ólafs konungs lögdu nú saman skipin, sem hann bauð; en er konungr sá, at þeir tóku at tengja stafnana á Orminum lánga ok á Orminum skamma, þá kallaði hann hátt: leggit fram betr hit mikla skipit, eigi vil ek vera aptastr allra minna manna í her þessum, ef orrostan tekst. Þá mælti Úlfrinn rauði merkismaðr konungs ok stafnbúi hans; ef Orminn skal því lengra framleggja, sem hann er meiri ok lengri en önnur skip, þá mun ávinnt um söxin. Konungr svaraði: því lét ek Orminn lengra gera, en önnur skip, at hann skyldi því djarfligar framleggja í orrostom, ok vera auðkendr baði í bardögum ok sigling; en ek vissa þá eigi, at ek mundi eiga stafnbúann baði rauðan ok ragan. Úlfr svarar: snú þú, konungr! eigi meir baki við at verja lyptíngina, en ek mun stafninn! Konungr hélt á boga, ok lagði ör á streng, ok sneri at Úlfis; þá mælti Úlfr: skjót þú eigi mik, herra! heldr þangat sem meiri er þörf, þat er á úvini yðra, þvíat þer vinn ek þat er ek vinn; má vera at yðr þikki yðrir (menn) eigi of margir her, áðr kveld kemr. Konungr tók örina, ok skaut eigi; ok í því, er þeir áttu þetta við at talast, sá menn konungs at sú Vindasnekkjan, er mest hafði sunnan siglt ein ser um daginn, rendi svá hart at Orminum aprí við lyptíngina, at varla mátti auga á festa; þá stóð upp maðr í stafni, ok talaði við konung á úkunna túngu, ok svá andsvaraði konungr á

<sup>1</sup> Oldb. skriver erfriðt.

þá túngu, at norðmenn skildu eigi; þeir talaðust við litla hríð; síðan eru þeir á enu lítla skipinu at landi, ok lögðust þar um akkeri; en konungs-menn spurðu hann, hverir þeir væri hinir úkunnu-menn, er talat höfðo við hann; konúngr svarar: þat våro kunníngjar várir af Vindlandi.

250. Ólafr konúngr stóð í lyptíngu, á Orminnum, bar hann hátt mjök; hann hafði gyldan skjöld ok gullroðinn hjálm, var hann mjök auðkendr frá öðrum mönnum, hann hafði rauðan silkkíkyrtil stuttan utan yfir brynju. En er Ólafr konúngr sá at flokkar hans móttöðumanna tóko at riðlast, ok upp våro sett merki fyrir höfðingjum, þá spurði hann sína menn: hvern er höfðíngi fyrir því merki, er gegnt oss er? hánnum var sagt, at þar var Sveinn konúngr með Danaher. Konúngr mælti: ekki hræðumst ver bleyður þær, þvíat eigi er heldr hugr í Dönum en í skógargeitum, aldri báru Danir sigr af Norðmönnum, ok eigi munu þeir enn oss sigra í dag. En hvern höfðíngi fylgir þeim merkjum, er þar ero út í frá á höegra veg? Hánnum var sagt, at þar var Ólafr konúngr sænski með Sváher. Konúngr mælti: anöveldra ok blíðara mun Svíum þíkkja, at sitja heima ok sleikja blótbolla sína, en gánga á Orminn í dag undir våpn yður, ok væntir mik at ver þurfinn ekki at óttast Svá, hrossatornar. En hverir eiga þau hin stóro skip, er þar liggja á útborða Dönum? Þar er, segia þeir, Eiríkr jarl Hákonarson. Þá mælti Ólafr konúngr: mjök hafa þeir

skipat her þenna tignum mönnum í móti oss, mun Eiríkr jarl þíkkjast eiga við oss skapligan fund, er oss ván af hánum ok hans liði snarprar orrosto, þvíat þeir ero Norðmenn sem ver erom. Þessu næst greiddu konungarnir ok jarl atröðrinn.... Þessi orrosta varð hin snarpasta, var í fyrstu skotit örum baði af lás-bogum ok handbogum, en síðan spjótum ok gaflökum...

Dönum<sup>1</sup> veitti þúngt atsóknin, þvíat frambyggjar á Orminum lánga, ok stafnbúar á Orminum skamma ok á Trönunni, færðu akkeri ok stafnljá á skip Sveins konúngs, en áttu våpnin at bera niðr undir fætr ser, er þeir höfðu skipin miklo sterri ok bordhærri; hrudu þeir öll Danaskip, þau er þeir fengu haldit, en konúngrinn Sveinn ok lið hans, þat er undan komst, flyði á önnur skipin; ok því næst lögðu þeir frá, preyttir ok sárir, or skotmáli...

Svá segir Snorri Sturluson, at (Ólafr svænski) legði þá at í staðinn, er Sveinn konúngr lagði frá; tókst þá enn af nýjo hin hardasta orrosta<sup>2</sup> ok hin snarpasta atsókn; urðu brestir stórir ok it mesta háreysti af eggjan manna ok våpnabráki, er stálín mættust.

...Nú fór Svíum allt<sup>3</sup> á eina leið ok Dönum, at Norðmenn héldu skipum þeirra með stafnljám ok

<sup>1</sup>Det følgende Stykke flettes i Oldb. A, Nr. 61 i Fol., Arn. Magn. som ellers er lagt til Grund ved Udgaven, og er taget af en anden ret god Skindbog, Nr. 54 i Fol. i samme Samling, som i Læsemæderne er benævnt B. <sup>2</sup>Således B. med fulde Bogstaver. <sup>3</sup>Sil. B.

hruðu þau er þeir náðu til... Svíar höfðu látið lið mikit ok svá stórkip sín, var ok flest fólk Ólfs svænska sárt, en hann hafði önga virding þá méri en<sup>1</sup> áðr, ok varð þá feginn, er hann komst með fjörví undan...

251. Nú skal segja hvat Eiríkr jarl hafðist at, meðan konungarnir bördust við Noregs konung. Jarlinn lagði fyrst at fremsta skipi Ólafs konungs Tryggvasonar í annan arminn, sem áðr er sagt, sýbyrði hann þarvið Járnbardann, hrauð hann þat skip, ok hjó þegar or teingslum; en lagði þá at því er þar var næst, ok barðist til þess er þat var hroðit; tók þá liðit at hlaupa af enum smærrum skipum ok uppá stórkipin, en jarl hjó hvert or teingslum, er hroðit var. En Danir ok Svíar lögðu þá í skotmál öllum megin<sup>2</sup> at skipum Ólafs konungs, en Eiríkr jarl lá ávalt sýbyrt við skipin, ok átti höggorrostu, en svá sem menn fællu af skipum hans, þá gengu þegar aðrir upp í staðinn, Danir ok Svíar, blöðkylarnir, hvildir ok ómöðir ok ekki sárir.

Þá var orrosta bæði hörð ok snörp, fèll mjök lið Ólafs konungs; svá kom at lyktum, at öll våro hroðin skip hans, nema Ormrinn lángi, var þará komit allt fólk Noregs konungs, þat er vígt var; lagði Eiríkr jarl þá at Orminum 5 stórkipum...

<sup>1</sup> Sál. B. <sup>2</sup> Udg. har öllu-megum, men det er troligt en blot Skrivefejl i B, eller Meningen har været öllu-meginn; strugs uden for skriver nl. B. som sædv. öllum megin.

Eiríkr jarl var í syrirrúmi á skipi sín, ok var þar fylkt með skjaldborg; var þar þá bæði höggorosta ok spjótum lagit, ok kastað öllu því er til våpna heyrði, ok hendr mátti á festa. Sumir skutu bogaskoti eðr handskoti, var þá allmikill våpnaburðr á Orminum, svá at varla mátti hlifum syfir koma, [svá flugu þykt<sup>1</sup> spjót ok örvar; þvíat öllum megin lágu þá herskip at Orminum. En menn Ólafs konungs gerðust þá svá óðir, at þeir ljópu<sup>2</sup> upp á bordin, til þess at ná sverðshögum til úvina sinna at drepa fólkit, en margir lögðu eigi svá undir Orminn, at í höggorrostønni vildi vera, þvíat flestum þótti hart við (at) eiga kappa Ólafs konungs, en Nordmenn hugsaðu ekki annat, en vildó æ fram, ok drepa sína móttöstöðumenn, gengu þeir þá slètt út af bordunum; þvíat þeir geymdu eigi annars for ákefð ok ofrhuga, en þeir berðist á slèttum velli, ok sukku niðr margir milli skipanna með våpnum sínum...

Þessir menn eru nefndir af þeim íslenzkum mönnum, er þá våro með Eiríki jarli á Barðanum. Skúli son Þorsteins Egilssonar, Vigfús Vígaglúmsson, Torfi Valbrandsson. Þar var þá ok með jarli norrænn<sup>3</sup> maðr, sá er nefndr er Finnur Eyvindarson af Herlöndum; sumir menn segja at hann væri finskr; svá er sagt,

<sup>1</sup> Sdl. B. hvilket synes bedst at passe i Sammenhængen; Nr. 61, som just begynder igjen med disse Ord, skriver: þá flugu svá þykt. <sup>2</sup>hlupu B. <sup>3</sup>Dette synes at være den rette oprindelige Form af Ordet i Følge Sæm. E. min Udg. S. 133, og Gråg. 1, 188.

at hann væri fimastr við boga ok beinskeytastr allra manna i Noregi; hann hafði gert boga Einars þambarskelsis. Einarr var á Orminum í krapparúmi, ok skaut þaðan um daginn af boga, hann varð allra manna harðskeytastr; Einarr skaut öru at Eiríki jarli, ok flaug í stýrishnakkann fyrir ofan höfuð jarli, svá hart at alt gekk upp á reyrböndin. Jarl leit til, ok spurði sína menn, ef þeir vissi, hverr þar skaut svá hart, ok jafnskjótt<sup>1</sup> kom önnur örín svá nærr jarli, at sú flaug milli síðu hans ok handarinnar, ok svá aprí í höfðafjölina, at úti stóð bröddrinn. Þá mælti jarl við Finn Eyvindarson: skjót þú manninn þann hinn mikla í krapparúminu.

Finnr svarar: þat má ek eigi, at skjóta þann mann, þvíat hann er eigi feigr, hitt má vera at ek fái lamit bogann for hánum. Finnr skaut þá bíldör, ok kom á miðjan boga Einars, í því er hann dró hit 3ja sinn bogann sem fastast, hraut þá í sundr boginn, ok brast við hátt. Þá mælti Ólafr konúngr: hvat brast þar svá hátt! Einarr svarar: Noregr or hendi þer, konúngr. Ekki man svá mikill brestr vorðinn, segir konúngr, þvíat guð muð ráða ríki mínu, en ekki bogi þinn; tak nú boga minn, ok skjót af; kastaði konúngr til hans boganum. Einarr tók upp bogann, ok dró þegar for odd örina, hann mælti: ofveikr, ofveikr, allvalds bogi; kastaði hann þá aprí boganum til konungs, en tók skjöld sinn ok sverð, ok barðist djarfliga.

252. ... Ólafr konúngr sá fram á skipit, at menn hans reiddu ótt sverðin ok hjöggu tittr, ok þat sá hann með, at sverðin bitu illa; hann mælti þá hátt: hvárt reiðit þer svá sljóliga sverðin, er ek se at yðr bíta ekki? Maðr svarar: bæði eru sverð vár, herra! sljó ok brotin mjök. Þá gekk konúngr ofan or lyptíngunni í fyrirrúmit, ok lauk upp há-sætis kistuna<sup>1</sup>, tók hann þaror mörg sverð björt ok hvöss mjök, ok fækki mönnum sínum; en er hann tók niðr hoegri hendi, þá sá menn, at blóð rann ofan undan brynstúkunni, en engi vissi, hvar hann var sárr. Mest var vörnin ok mannskœdust af for-rúms mönnum ok stafnbúum, þvíat þar var hvárt-tveggia mest valit mannfólkit ok hæst borðit. En er mannfallit tók til á Orminum, þá fèll liðit fyrst um mitt skipit, bæði af sárum ok mest af mœði, ok er þat mál manna, ef þat hit frækna fólk hefði mátt til alsendis vörn viðkoma, at Ormrini mundi seit vunninn hafa vorðit...

Þá er fátt stóð manna upp um sigluskeiðit á Orminum, þá réð Eiríkr jarl til uppgaungu á Ormínu með 15da mann, ok komst upp á Orminn; þá kom á móti hánum Hyrníngr, mágr Ólafs konúngs, við sveit manna; varð með þeim hin harðasta hríð, þvíat Hyrníngr barðist alldjarfliga... Lauk svá með þeim, at Eiríkr jarl hrökk ofan á Barðann, en þeir menn er hánum höfðo fylgt, fèllu sumir en sumir voru særðir...

<sup>1</sup> i det samme.

<sup>1</sup> Sal. begge Oldbæger.

En er Eiríkr jarl var kominn ofan á skip sitt, þá mælti Ólafr konúngr: hvat er, keyrðut þer jarl nú ofan af Orminum? Þeir segja at svá var. Þat var gert drengiliga, segir konúngr; var ok þess ván, þvíat eigi mun jarl sigra oss, meðan hann hefir þór í stafni á skipi síno. Þetta heyrðu margir menu, ok svá Eiríkr jarl. Nú með því at fallit var mart lið á Barðanum, en flestir menn sárir mjök, þeir er á lífi våro, þá lagði Eiríkr jarl at landi, ok svá allir Danir ok Svíar, höfðu höfðingjar þá ráðagerðir sínar, hversu með skyldi fara. Þá mælti Eiríkr jarl: þetta er eilif úsœmd, sú er gelit mun verða, meðan Norðrlönd ero bygð, ef Ólafr Tryggvason verðr eigi sigraðr af oss, þar sem ver höfum enn úflyjandi her, en hann hefir nú eitt skip, ok þó fallit mart manna af því. Nú gerit svo vel Danakonúngr ok Svíakonúngr, veitit mer til styrk fjölmennis, at ek megi hesna föður míns, ok reka af hendi oss öllum samt þessa svívirðing; þvíat svá man fara sem ek sagði áðr, at ver munum, höfðingjarnir allir, ámæli af fá, ok þeir mest er rískastir ero, ef Ólafr konúngr setr nú undan með sína menn. En er Eiríkr jarl hætti rœðu sinni, rómaðu margir vel rœðu hans; talaðu þeir konungar ok jarl þetta mál, kom þat ásamt með þeim, at þeir skyldo fá farli styrk fjölmennis at leggja at Orminum, skyldi Eiríkr jarl eignast Orminn lánga ok alt lutskipti, þat er þar fengist, en sinn þriðjung Noregs hvern þeirra, ef hann gæti sigrat Ólaf konung. En er þetta ráð var fest með cinkamálum, þá bjóst allr herr Dana ok Svíar enni af nýju, herðu menu þá

hugi sína, ok eggjaði hvern annan, sögðu at heir skyldo þá aldri lètta, fyrr en þeir hefði sigrat Ólaf konung Tryggvason.

253. Eiríkr jarl lagði þá af Barðanum lík ok sára menu, en skipaði í staðinn úsárum mönnum ok hvíldum, þeim er hann valdi af Svíum ok Dönnum. Er ok svá sagt af sunnum mönnum, at jarl hafi þá heitit at láta skírast, ef hann fengi unnit Orminn, ok þat til marks at þeirra manna sögn, at hann kastaði brottu þór, en setti upp í staðinn róðukross í stafninn á Barðanum. En er jarl hafði búit lið sitt, mælti hann við einn vitran mann ok mikinn höfðingja, er þar var þá viðstaddir, Porkel hinn háfa, bróður Sigvalda jarls. Opt hefir ek verit í bardögum, segir Eiríkr jarl, ok hefur ek aldri fyrr fundit jafnhrausta menu ok svá vígkœna, sem þá er á Orminum ero, ok eigi hefir ek sèð jafntorsótt skip at vinna, sem Orminn. Nú með því at þú ert allra manna vitrastr, þá legg til þau ráð, er þú kant bezt, til at Orminn verði unniinn. Porkell svarar: Eigi kann ek þar ráð til at leggja, svá at öruggt se, en segja má ek þat er mer sýnist líkast at duga muni. Þú skalt taka stór tre, ok fella af skipi þínu á Orminn, svá at hanum halli til, mun yðr þá verða auðveldri uppgångá á Orminn, ef bord hans berr eigi hærra en annarra skipa; en ek hann her ekki ráð til at leggja, ef þetta gjörir ekki; bjóst jarl þá svá um, sem Porkell sagði for.

254. En meðan þessi ráðagerð ok hvíld varð á bardaganum, þá báðu enn menn Ólafs konungs, at hann skyldi leita undan með nökkuru móti; sögðu þat, sem satt var, at þeir höfðo þar mest í hættu, sem hann var; létu þess ván, at allir hans menn, þeir er þar váró, mundo ná lífs gríðum af úvinum hans, þegar þeir vissi, at hann væri í brotta. Sögðu þeir ok, ef hann vildi hitt heldr, at þat mætti þá vel leikast, at vindu segl á Orminum, ok sigla á haf út, ok svá norðr eptir liði síno. En konúngr svarar með sama móti sem fyrr, at hann mundi eigi flýja for sínum úvinum, meðan hann mætti halda heilu skipi síno; sagði hann ser þat ekki rétt: þvíat enn þíkkir mer eigi víst, at þeir fái unnit Orminn, meðan svá margir vaskir drengir ero til varnar. En er þeir áttu um þetta at tala, þá reri at Orminum Vindasnekkjan, sú hin sama er ein saman hafði legit við land um daginn, ok fyrr er getit at til tals lögðu við konung for bardagann. Þessir menn, ver á skeiðinni váró, festu sik aprí við lyptíngina á Orminum, ok buðu Ólafi konungi at gánga uppá Orminn, ok berjast með hánum, sögðu þeir, at þeir vildó gjarna falla þar með konungi, eða komast brott með hánum, ef þess vyrði auðit. Konúngr svarar: þat gerir mer ekki, segir hann, at þer gángit á Orminn, at berjast með oss, en hitt má vera, at mer komi at gagni, at þer liggit í sama stað, sem þer hafit í dag verit. Reru þeir þá aprí, ok lögðust eun um akkeri.

255. Eiríkr jarl lagði at Orminum í annat sinn, þegar hann var búinn, ok allr herrinn Dana ok Svía, lagði þá enn til orrosto við Ólaf konung Tryggvason, stíngu Svíar þá stöfnum at Orminum, en hitt var allr móginh hersins, er lágu í skotförum við Norðmenn, ok skutu á þá sem tóðast. Jarl sýbyrði Barðanum enn við Orminn, ok gerði allharða hrið, með því liði er þá var úmótt komit á Barðann; sparðist hann ok ekki sjálfr við orrostuna, ok þeir er eptir váró af hans mönnum...

Ólafr konúngr ok hans menn vörðust með hinni mestu hreysti ok drengskap, svá at lítt þokaðist á um mannfallit á Orminum, meðan þeir voro hvíldir, en þeir drápu mart manna af sínum úvinum, bæði af Járnbardanum ok öðrum skipum, þeim er at höfðo lagt Orminum. Nú með því at Eiríki Jarli veitti enn seigt atsóknin, þá lét hann vindla upp stórvíðu á Barðanum, ok fella á Orminn lánga; er þat mál manna, at Ormrinn mundi eigi vunninn hafa vorðit nema með þessi atför, sem Porkell hinn háfi hafði ráð til gefit.

Tók þá mjök at hallast Ormrinn, er stórvíðir voro feldir á annat borðit; gjörðist þá mikil mannfall af hvárumtveggjum, en er þyntist skipan til varnar á Orminum, þá leitaði Eiríkr jarl til uppgaungu, ok varð þar hörd viðtaka. En er stafnbúar Ólafs konungs sá at jarl var uppkominn á Orminn, þá sóttu þeir aprí á skipið, ok snerust til varnar móti hánum, ok veittu hit snarpasta viðrnám, en for því, at þá tók svá mjök at falla liðit á Orminum, at viða gerðust auð bordin, þá tóko jarlsins

menn viða upp at gánga, en alt<sup>1</sup> þat lið, er þá stóð upp til varnar sótti aprír á skipit, þartil er konúngrinn var...

Svá er sagt, at Þorsteinn uxafótr væri í forrúminu aprír við lyptíngina; hann mælti til Ólafs konúngs, þá er lið jarls gekk sem óðast upp á Orminn: herra! segir hann, hvárt skal nú hverr sem má? Hví skal nú eigi? segir konúngr. Þorsteinn sló þá með hnæfa sínum einn mann jarls, er upp lióp á borðit hjá hánum, hann setti utan við vágann svá hart, at maðrinn hraut lángt á sjáinn í brottu, ok hafði þegar bana. Eptir þat gerðist Þorsteinn svá óðr, at hann greip upp beitiásinn, ok barði með. En er þat sá Ólafr konúngr, mælti hann til Þorsteins: tak våpn þín, maðr! ok verst med þeim; þvíat våpn ero til þess, at menn skulo berjast með í orrostom, en ekki vega með einum saman höndum sínum eðr treám. Þorsteinn tók þá sverð sitt, ok barðist með drengiliga; var þá enn um hríð orrosta hin ákafasta í forrúminu. Ólafr konúngr skant or lyptínginni gaflókum eðr spjótum bæði hart ok tit.

Ólafr konúngr, þá er hann sá at Eiríkr jarl var kominn í forrúmit á Orminum, skant konúngr til hans þrimr kesjum skamskeptum, en þær fóro ekki eptir venju; þvíat Ólafr konúngr hafði ekki verit missifengr, hvar sem hann hafði tilskotit, en engi þessi kesja kom á jarl: flaug hin fyrsta for

utan högri síðu hánum, en önnur með sama hætti á vinstri lið, hin 3ja kesja flaug fram í skipit yfir höfuð jarlinum. Þá mælti konúngr: svá mista ek aldri manns fyrr; mikil er hamingja jarls þessa, þat vill guð, at hann hafi nú at sinni ríkit í Noregi, er þat ok eigi undarligt, þvíat ek ætla hann nú skipt hafa um stafnbúana á Barðanum; ferr þat svá, sem ek sagða í dag, at hann mundi eigi sigraust í várum skiptum, ef hann hefði Pór í staðnum. Nú fyrir þá sök at mart fólk af liði jarls var þá komit upp á Orminn, svá sem vera mátti á skipinu, ok skip hans lágu öllum megin utan at Orminum, en lítt fjölmenni til varnar í móti svá miklum her, þá felli nú á lítilli stundu margir kappar Ólafs konúngs, þó at þeir væri hæði styrkir ok frœknir; þar felli þeir báðir brœdr mágar konúngs, Hyrnígr ok Þorgérr, Vikarr af Tíundalandi ok Ulfur hinn rauði, ok margir aðrir röskvir drengir, þeir er ágætt orð leifðu eptir sik. Kolbjörn stallari hafði varit stafninn um daginn með óðrum frambyggjum. Kolbjörn var búinn at våpnum ok klæðum rétt á sömu leið ok Ólafr konúngr; ok því hafði hann svá búið, at hann hugsaði, ef þess kynni viðþurfa, sem nú var, at veita nökkrura hlífð Ólafi konungi. En er falla tók hit frœknasta lið Ólafs konúngs í forrúminu, þá gekk Kolbjörn upp í lyptíngina til konúngs, mátti þá eigi skjótt kenna, hvárr þeirra var, þvíat Kolbjörn var ok allra manna mestr ok fríðastr. Var þá svá mikill våpnaburðr í lyptíngina, at allir skildir þeirra Ólafs konúngs ok Kolbjarnar váro skifaðir af skeytum. En er jarls-

<sup>1</sup> Således Oldb. A ofte, overenstemmende med þunt, skamt, þykt, stygt, o. desl.

menn sóttu aptr at lyptíngunni, þá sýndist þeim svá mikit ljós koma yfir konunginn, at heir mættu eigi í gegn sjá, en þá er ljosit leið af, sá þeir hvergi Ólaf konung.

## Af Njálssaga.

### Gunnarr á Hliðarenda.

19... Gunnarr Hámundarson bjó at Hliðarenda í Fljótshlíð; hann var mikill maðr vexti ok sterkr, [manna bezt vígr<sup>1</sup>: hann hjó bádum höndum ok skaut, ef hann vildi, ok hann vá<sup>2</sup> svá skjótt með sverði, at þrjú þóttu á lopti at sjá; hann skaut manna bezt af boga, ok höfði allt þat er hann skaut til; hann hljóp meir en hæð sína með öllum herklæðum, ok eigi skemra aptr en fram fyrir sik; hann var syndr sem selr; ok eigi var sá leikr, er nokkurr þyrfti<sup>3</sup> við hann at keppa; ok hefir svá verit sagt, at eingi væri hans jafningi. Hann var vænn at ysrlitum ok ljós-litaðr, rött-nefjaðr ok hafit upp í framanvert, bláeygr ok snareygr, ok roði í kinnunum, hárit mikit, ok fór vel ok vel

<sup>1</sup>særdeles skikket til (færdig i) at fægte. <sup>2</sup>Dat. af veg, fægtede. <sup>3</sup> behøvede, nl. da man forud kunde vide Udfaldet.

litt; manna kurteisastr var hann, harðgjörr í öllu, femildr ok stiltr vel, vinfastr ok vinavandr; hann var vel auðigr at fe; bróðir hans hét Kolskeggr, hann var mikill maðr ok sterkr, drengr<sup>1</sup> góðr ok öruggr í öllu. Annarr bróðir hans hét Hjörtr, hann var þá í bernsku...

20... Njáll bjó at Bergþórshváli<sup>2</sup> í Landeyjum<sup>3</sup>, annat bú átti hann í Þrólfsselli. Njáll var vel auðigr at fe ok vænn at áliti, hánom vóx eigi skegg. Hann var lögmaðr svá mikill, at eingi fannist hans jafningi; vitr var hann ok forspár, heilráðr ok góðgjarn, ok varð allt at ráði, þat er hann réð mönnum, hógværr<sup>4</sup> ok drenglyndr; hann leysti hvers manns vandræði, er á hans fund kom. Bergþóra hét kona hans, hon var Skarpheðins dóttir, kennskörúngr mikill ok drengr góðr, ok nokkut skap'hörð; þau áttu 6 börn, døetr þrjár ok sonu þrjá, ok koma þeir allir við þessa sögu síðan.

25... Nú skal nefna sonu Njáls: Skarpheðinn hét hinn elzti, hann var mikill maðr vexti ok styrkr, vel vígr, syndr sem selr, manna fóthvatastr, ok skjótr ok öruggr, gagnorðr<sup>5</sup> ok skjótorðr, ok skáld gott, en þó laungum vel stiltr; hann var jarpr<sup>6</sup>

<sup>1</sup>en brav, ung Mand, en retsindig Mand, Begrebet forstærkes ved To. góðr. <sup>2</sup>H. af Bergþórshváll ell. -hvori; det sidste Ord i Sammensætningen er vel det samme som hóll, en Höj, hvorfaf Bispesædet Hólar. <sup>3</sup>Landeyjar, Lanðverne, er Navnet på en Egn i det sydlige Island. <sup>4</sup>god at komme til rette med, föjelig, beskjeden. <sup>5</sup>som taler bestemt, fyndig og eftertrykkelig. <sup>6</sup>gul, mörkegul.

á hár, ok sveipr í hárinu, augðr<sup>1</sup> vel, fölleitr ok skarpleitr, liðr á nefi, ok lá hátt tanngarðrinn, munnljótr mjök, ok þó manna hermannligstr. Grímr hét annarr son Njáls, hann var friðr sýnum, ok hærðr vel, dökkr á hár, ok friðari sýnum en Skarphedinn, mikill ok sterkr. Helgi hét inn þriði son Njáls, hann var friðr sýnum ok hærðr vel, hann var styrkr maðr ok vígr vel, hann var vitr maðr ok stiltr vel; allir voru þeir ókvængödir synir Njáls. Höskuldr hét hinu fjórði son Njáls, hann var launetinn, móðir hans var Hróðný, ok var Höskulds dóttir, systir Íngjalds frá Keldum.

33. Gunnarr reið ok þeir allir, en er þeir komu á þing, þá voru þeir svá vel búinir<sup>2</sup>, at öngir voru þar jafnvel búinir, ok fóru menn út or hverri búð at undrast þá. Gunnarr reið til búðar Rágæinga, ok var þar með frændum sínum. Margir menn fóru at finna Gunnar, ok spyrra hann tísöinda; hann var við alla menn lèttr ok kátr, ok sagði öllum slíkt er vildu.

Þat var einn dag, er Gunnarr gekk frá lögbergi, hann gekk fyrir mosfellið gabúð, þá sá hann kona fara í móti ser, ok var vel búin, en er þau fundust, kvaddi hon þegar Gunnar, hann tók vel kveðju hennar, ok spyrr hvat kvenna hon væri. Hon nefndist Hallgerðr, ok kvaðst vera dóttir Höskulds Dal-

akollssonar; hon mælti til hans djarfliga, ok bað segja ser frá ferðum sínum, en hann kvaðst ekki varna mundu henni máls; settust þau þá niðr, ok töludu. Hon var svá búin, at hon var í rauðu kyltlí<sup>1</sup>, ok hafði yfir ser skallazskikkju [hlæðbúna í skaut niðr<sup>2</sup>; hárit tók ofan á bríngu henni, ok var bæði mikil ok fagrt. Gunnarr var í skallazklæðum, er Haraldr konungr Gormsson gaf hánum; hann hafði ok gullhring á hendi, þann er Hákon jarl gaf hánum.

Þau töludu lengi hátt, þar kem er hann spurði, hvárt hon væri ógefin. Hon sagði at svá væri: ok er þat [ekki margra at hætta á þat<sup>3</sup>. Þikki þer hvergi fullkosta? Eigi er þat, segir hon, en mann-vönd mun ek vera. Hversu munt þú svara, ef ek bið þín? Þat man þer ekki í hug, segir hon. Eigi er þat, segir hann. Ef þer er nokkurr hugr á, þá finn þú föður minn. Siðan skildu þau talit.

Gunnarr gekk þegar til búðar<sup>4</sup> Dalamanna, ok fann mann úti fyrir búðinni, ok spyrr hvárt Höskuldr væri í búð; sá segir at hann væri í búð; gekk þá Gunnarr inn. Höskuldr ok Rútr tóku vel við Gunnari, hann settist niðr á meðal þeirra, ok

<sup>1</sup> Skert. <sup>2</sup> besat, besyet med små Guldsmykker ned ad Skedet; man kan forestille sig disse Smykker at have været anbragte som Maller og Hægter. <sup>3</sup> ikke mange (nl. Sag) at vove (prøve) på det. <sup>4</sup> Bod, en Hytte indrettet med Jordvægge for hvert af de betydelige Distrikters Beboere, ved Altinget, til Bug imedens Altinget varede. De øvrige Sager, som dertil behøvedes, og kunde flyttes, bragde man med hver Gang.

<sup>1</sup> ellers eygðr, øjet (vel). <sup>2</sup> kladte.

fannst þat ekki í tali þeirra, at þar hefði missætti verit í meðal. Þar kom niðr rœða Gunnars, hversu þeir brœðr mundu því svara, ef hann baði Hallgerðar. Vel segir Höskuldr, ef þer er þat alugat<sup>1</sup>. Gunnarr segir ser þat alvöru: en svá skildu ver næustum, at mörgum mundi þat þikkja líkligt, at her mundi ekki samband verða. Hversu lízt þer, Rútr frændi? segir Höskuldr. Rútr svaraði: ekki þíkki mer þetta jafnraði. Hvati finnr þú til<sup>2</sup> þess? segir Gunnarr. Rútr mælti: því mun ek svara þer um þetta, er satt er; þú ert maðr vaskr, ok vel at þer<sup>3</sup>, en hon er blandin mjök, ok vil ek þik i öngu svíkja. Vel man þer fara<sup>4</sup>, segir Gunnarr, en þó mun ek þat fyrir satt hafa<sup>5</sup>, at þer virðit í fornán fjandskap<sup>7</sup>, ef þer vilit eigi gera mer kostinn. Eigi er þat, segir Rútr; meir er hitt, at ek se at þú mátt nú ekki viðgera; en þótt ver kaupim eigi, þá vildim ver þó vera vinir þínir. Ek hefi talat við hana, segir Gunnarr, ok er þat ekki fjarri hennar skapi. Rútr mælti: veit ek at báðum er þetta girnda ráð, hættit þit ok mestu<sup>8</sup> til, hversu ferr.

Rútr sagði Gunnari ófregit allt um skapferði Hallgerðar, ok þótti Gunnari fyrst ørit mart, þat

<sup>1</sup>for al-hugat, al-med ét 1 betyder: alt, fuldkommen, og skiller fra al-. (S. 11. Anm. 10). <sup>2</sup>finn til, anfører som Grund eller Årsag til. <sup>3</sup>udmæret i alle (mandlige) Færdigheder. <sup>4</sup>hánum ferr vel, han handler ærlig. <sup>5</sup>holde. <sup>6</sup>nl. þessu, i dette, heri. <sup>7</sup>G. styres af virðit. <sup>8</sup>H. i I., styres af hættit.

er áfatt<sup>1</sup> var, en þar kom síðar, at saman dró kaupmála með þeim. Var þá sent eptir Hallgerði, var þá talat um málit, svá at hon var við. Létu þeir nú<sup>2</sup> sem fyrr, at hon festi sik sjálf; skyldi þetta boð vera at Hlíðarenda, ok skyldi fara fyrst leyniliga, en þó kom þar, er<sup>3</sup> allir vissu.

Gunnarr reið heim af þíngi, ok kom til Bergþórshvols, ok sagði Njáli frá kaupum sínum; hann tók þessu þungliga. Gunnarr spyrr hví Njáli þótti þetta svá úrádligt? Þvíat af henni man standast allt it illa, er hon kemr austr híngat, segir Njáll. Aldri skal hon spilla okkru vinfengi, segir Gunnarr. Þat man þó [svá nær<sup>4</sup> fara, segir Njáll, en þó mant þú jafnan böta fyrir henni. Gunnarr bað Njáli til boðs ok öllum þeim þaðan, sem hann vildi at færi. Njáll hèt at fara. Síðan reið Gunnarr heim, ok reið um heraðit, at bjóða mönnum.

54. Nú er þar til máls at taka, at Gunnarr var úti at Hlíðarenda, ok ser smalamann sinn [hléypa at garði<sup>5</sup>. Smalamaðrinn reið heim í túnit<sup>6</sup>. Gunnarr mælti: hví ríðr þú svá hart? Ek vilda vera þer

<sup>1</sup>mangelfuldt. <sup>2</sup>nl. vera. <sup>3</sup>der hvor, d. e. såvidt at, dertil at. <sup>4</sup>d. e. ganske når ved, svá udtales med stærkt Eftertryk. <sup>5</sup>d. e. sprænge ind til Gárðen; jf. þrymskv. 23. gánga her at garði, accedunt hoc ad aedes; ellers betyder garðr ogsa et Gárde, en Grøftevold (S. 16. Anm. 7.) <sup>6</sup>Hjemmemarken, den dyrkede og fredede Hømark, tæt ved Gárdene i Island.

trúlyndr, ek sá menn riða ofan með Markarfljóti, átta saman, ok voru fjórir í litklæðum. Gunnarr mælti: þar man vera Otkell. Sveinninn mælti: ek hefi opt heyrt mörg skapraunar -orð Skamkels, þvíat Skamkell mælti þat austr í Dal, at þú grétir, þá er þeir riðu á þík ofan, ok segi ek þer af því, at mer þíkkir illt orðtak slikt vándra manna. Ekki skulu við yera orðsjúkir, segir Gunnarr, en þat eitt skalt þú vinna er þer líkar heðan í frá. Skal ek nakkvat segja Kolskeggi bróður þínunum? sagði smalamaðrinn. Far þú ok sof, segir Gunnarr, ek man segja Kolskeggi<sup>1</sup>. Sveinninn lagðist niðr, ok sofnaði þegar.

Gunnarr tók smalahestinn, ok lagði á söðul sinn, hann tók skjöld sinn, ok gyrði sik sverðinu Ölvisnaut, setr hjálm á höfuð ser, tekr atgeirinn<sup>2</sup>, ok saung í<sup>3</sup> hátt, ok heyrdi Rannveig, móðir hans, hon gekk fram<sup>4</sup>, ok mælti: reiðuligr ert þú nú, son minn, ok eigi sá ek þík slíkan fyrir.

Gunnarr gengr út, ok stíngr niðr atgeirinum, ok verpr ser í söðulinn ok riðr brot. Rannveig, móðir hans, gekk til stofu, þar var hárausti<sup>5</sup> mikit, hátt kveði þer, segir hon, en þó lét<sup>6</sup> herra atgeirinn, er Gunnarr gekk út. Kolskeggr heyrði,

<sup>1</sup> nl. þat. <sup>2</sup> atgeirr, et Slags Spyd med skarpe Kanter til to Sider, dannet af geir ell. geirr (γαυσος jf. S. 34. Anm. 5.) <sup>3</sup> nl. den. <sup>4</sup>frem, d. e. hen imod Dörren ell. Udgangen af Huset. <sup>5</sup>ellers háreysti, Støj, højrestet Snakken. <sup>7</sup> læt betyder også lyder: en Tekst siges endnu at være svå låtandi, ndr den anføres.

ok mælti: þat man eigi öngra tíðinda vita<sup>1</sup>. Þat er vel, segir Hallgerðr, nú munu þeir reyna, hvárt hann gengr grátandi undan þeim. Kolskeggr tekur våpn sín, ok leitar ser at hesti, ok riðr eptir, slikt er hann mátti.

Gunnar riðr nú um Akratúngu þvera, ok svá til Geilastofna, ok þaðan til Rángár, ok ofan til vaðs hjá Hofi. Konur voru þar á stöðli<sup>2</sup>, Gunnarr hljóp af hesti sínum ok batt; þá riðu hinir at; móhellur<sup>3</sup> voru í götunum við vaðit. Gunnarr mælti til þeirra: nú er at verja sik, er her nú atgeirinn, munu þer nú ok reyna þat, hvárt ek græt nakkvat<sup>4</sup> fyrir yðr.

Þeir hljópu þá allir af baki, ok sóttu at Gunnari; Hallbjörn var fremstr. Sæk þú eigi at, segir Gunnarr, þer vilda ek sízt illt gera, en ek man þó öngum hlifa, ef ek á hendr mínar at verja. Þat man ekki gera, segir Hallbjörn, þú munt þó drepa vilja bróður minn, ok er þat sköm<sup>5</sup> ef ek sit hjá, ok lagði til Gunnars tveim höndum miklu spjóti. Gunnarr skaut fyrir skildinum, en Hallbjörn lagði í gegnum skjöldinn. Gunnarr skaut svá fast niðr skildinum, at hann stóð fastr í jörðunni, en tók til sverðsins svá skjótt, at eigi mátti auga á festa, ok ljó með sverðinu, ok kom á hönd Hallbjörni, fyrir ofan á Úlflið, svá at

<sup>1</sup> betyde, varsle, styrer E. <sup>2</sup> Malkeplads, et bekvemt Sted ude på Marken i Island hvor Malkekørne drives sammen, når de skulle malkes, for at Pigerne ikke skulle sæge dem, adsprede alt for vidt omkring på det øbne Land. <sup>3</sup> flade Stene, bedækkede med Jord eller Ler. (se Ordreg. til Njála.) <sup>4</sup> hvárt nakkvat, om vel, l. num - qvid. <sup>5</sup> ellers skömm.

aftók<sup>1</sup>. Skamkell hljóp á bak Gunnari, ok höggr til hans með mikilli öxi. Gunnarr snerist skjótt at hánum, ok lýstr við atgeirinum, ok kom undir kverk<sup>2</sup> öxinni, ok hraut hon or hendi hánom út á Rángá. Gunnarr leggr<sup>3</sup> í annat sinn atgeirinum, ok í gegnum Skamkel, ok vegr hann upp, ok kastar hánom í leirgötuna<sup>4</sup> at höfðinu. Auðólfur austmaðr þrífr upp spjót, ok skaut at Gunnari. Gunnarr tók á lopti spjótit, ok skaut aptr þegar, ok fló<sup>5</sup> í gegnum skjöldinn ok austmanninn, ok niðr í völlinn. Ottell höggr með sverði til Gunnars, ok stefnir á fótinn fyrir neðan kne. Gunnarr hljóp í lopt upp, ok missir hans. Gunnarr leggr atgeirinum til hans, ok í gegnum hann. Þá kemr Kolskeggr at, ok leypr þegar at Hallkatli<sup>6</sup>, ok höggr hann banahöggi með saxinu; þar vega þeir þá átta.

Gunnarr reið heim ok Kolskeggr eptir verk þessi, ok riða þeir hart upp eptir eyrunum, ok

<sup>1</sup> d. e. ovenfor (den, nl. Händen) på Händledet, så at (det, nl. Sverdet) aftog (den). <sup>2</sup> Strube, her den på Stridsøksen imod Skafset tilbagebøjede Krog, der sammenlignes med Vinklen imellem Hagen og Halsen på et Menneske. Da Spydet med Kraft blev slædt ind i denne Krog eller Hage på Øksen, reg den ud af Händen på Skamkel. <sup>3</sup> stikker (jf. S. 17. Anm. 15); atgeirinn var nl. ikke et Kastespyd, men bestemt til at beholdes i Händen. <sup>4</sup> Den lerede Fordybning, som var dannet på den ganske smalle Vej, ved idelig Ridet i samme Spor; gata er nl. egentlig en sådan smal Vej eller Spor, især noget dybslidt eller stærkt banet. <sup>5</sup> En gl. Dat. for flaug, af flyg. <sup>6</sup> Den reg. H. af Hall-ketill, hvoraf Hall-kell er sammentrukket.

stökk Gunnarr af baki, ok kom standandi niðr; Kolskeggr mælti: hart riðr þú nú, frændi. Þat lagði Skamkell mer til orðs<sup>1</sup>, er hann mælti svá, er riðit var á mik. Hefnt hefir þú nú þess, segir Kolskeggr. Hvæt ek veit, segir Gunnarr<sup>2</sup>, hvært ek man því úvaskari maðr en aðrir menn, sem mer þíkkir meira fyrir, en öðrum mönnum, at vega menn.

55. Nú spryjast tiðindin viða, ok mæltu þat margir, at eigi þetti þetta fyrr framkoma, en líkligt var til. Gunnarr reið til Bergþórshvols, ok sagði Njáli verk þessi. Njáll mælti: mikil hefir þú atgert, ok hefir þú verit mjök atþreytr. Hversu mun nú gánga síðan? segir Gunnarr. Villt þú at ek segi þer þat, segir Njáll, er eigi er framkomit? Þú mant riða til þíngs, ok munt þú njóta við ráðamenna, ok fá af þessu máli ina mestu söemd, man þetta upphaf vígaferla þinna<sup>3</sup>. [Ráð þú<sup>4</sup> mer heilræði nokkur, segir Gunnarr. Ek skal þat gera, segir Njáll: Veg þú aldri meir í enn sama knerunn en um sinn; ok rjúf aldri sætt, þá er góðir menn gera meðal þín ok annarra, ok þó sítz á því málí. Gunnarr mælti: öðrum ætlaða ek, at þat skylldi hættara en mer. Svá man vera, segir Njáll, en þó skaltu svá um þitt mál hugsa, ef þetta berr saman,

<sup>1</sup> Synes at skulle betyde: Det sagde Sk. mig til Spot. I de følgende Ord er nogen Forskjellighed: B udelader er; C og D have er ek mælti svá. <sup>2</sup> Denne Ordforbindelse er dunkel, men de tre bedste Pergamentshåndskrifter (B. C. D.) have samme Udtryk uden al Forskjellighed. <sup>3</sup> Drabssager. <sup>4</sup> ráttu, B.

at þá man þú skamt eiga ólifat, en ella mant þú verða gamall maðr. Gunnarr mælti: [veizt þú 1 hvat þer man verða at bana? Veit ek, segir Njáll. Hvat? segir Gunnarr. Þat sem allir munu sízt ætla, segir Njáll. Siðan reið Gunnarr heim.

71. ... Reið Gunnarr þá af þíngi vestr til Dala í Hjarðarholt, ok tók Ólafr pái vel við hánum, sat hann þar hálfan mánað; hann reið viða um Dali, ok töku allir við hánom feginshendi, en at skilnaði mælti Ólafr: ek vil gefa þer þrjá gripi, gullring ok skikkju, er átt hesir Mýrkjartan Irakonúngr, ok hund, er mer var gefinn á Írlandi, hann er mikill ok eigi verri til fylgðar en röskr maðr, þat fylgir ok, at hann hesir manns vit; hann mun ok geygja at hverjum manni, þeim er hann veit at úvin þinn er, en aldri at vinum þínum; ser hann ok á hverjum manni hvárt til þín er vel eða illa; hann mun ok líf áleggja at vera þer trúr, þessi hundr heitir Sámr. Siðan mælti hann við hundinn: nú skaltu Gunnari fylgja<sup>2</sup>, ok vera hánom slískr<sup>3</sup>, sem þú mátt; hundrinn gekk þegar at Gunnari, ok lagðist niðr fyrir fœtr hánom.

Ólafr bað Gunnar vera varan um sik, ok kvað hann eiga marga öfundarmenn: þar er þú þikkir

<sup>1</sup> véztu B, sđl. skrevet med Akut. <sup>2</sup> ledsage, forsøre; heraf fylgð, L. 13, i samme Betydn. <sup>3</sup>sddan, d. e. så god, så tro (som du kan).

ágætr maðr nú um allt land. Gunnarr þakkaði hánom gjafir ok heilraði, ok reið heim. Sitr Gunnarr nú heima nokkura rið, ok er kyrt.

74. Þessi tóindi sprjast viða, ok var þor gevitt mörgum manni harmdauði. Þeir Gizurr<sup>1</sup> hvítí riðu til, ok lýstu vígunum, ok kvöldu búa til þíngs; riðu þeir þá vestr heim. Þeir Njáll ok Gunnarr fundust, ok töludu um bardagann; þá mælti Njáll við Gunnar: vertu nú varr um þík, nú hesir þú vegit tysvarsinnum í sama knerunn, hygg nú svá fyrir hag þínum, at þar liggr við líf þitt, ef þú heldr eigi þá sætt, sem ger er. Hvergi atla ek mer af at bregða, segir Gunnarr, en þó man ek þurfa liðsinni yðvart á þíngi. Njáll svaraði: halda man ek við þík mínum trúnaði til dauðadags. Riðr Gunnarr þá heim.

Liðr nú til þíngs, ok fjölmenna hvártveggju mjök; er um þetta allfjölrædt á þíngi: hversu mál þessi mundi lúkast, þeir Gizurr ok Geirr goði töludu með ser, hvárr þeirra lýsa<sup>2</sup> skyldi vígsökinni þorgeirs, en þar kom at Gizurr tók undir sik málit, ok lýsti sök at lögbergi... Gunnarr var vel stiltr,

<sup>1</sup> Ellers Gissurr, men Gizurr er etymologisk rettere, da det er isteden for Gitsurr. Ligeledes skriðes bleza ell. blessa, góð ell. góts. <sup>2</sup> Lýsa betyder eg. bekjendtgøre, her opnåe Sagens Beskaffenhed for Retten, tilligemed sin Pdstand om Straffen. Dette var Begyndelsen af selve Prosessen.

ok lagði fátt til<sup>1</sup>, hör nú þingit, þar til er dómar fara út; Gunnarr stóð norðan at Rágæínga-dómi<sup>2</sup> ok hans menn, Gizurr stóð sunnan at, ok nefnir vätta, ok bauð Gunnari at lýða til eiðspjalls síns, ok til framsögu sakar sinnar, ok sóknargagna þeirra allra, sem hann hugði fram at föra. Eptir þat vann hann eið, þá sagði hann fram sök, svá skapaða í dóm, sem hann lýsti, þá lét hann bera<sup>3</sup> lýsingarvætti<sup>4</sup>, þá bauð hann búum í setu, ok til ruðníngar<sup>5</sup> um kviðinn<sup>6</sup>.

75. Þá mælti Njáll: nú man eigi mega sitjanda<sup>7</sup> hlut í eiga, gaungum nú þar til sem búarnir sitja; þeir gengu þángat til, ok kvöddu<sup>8</sup> fjórá búá úr kviðinum, en kvöddu hína fimm bjargkviðar<sup>9</sup>, er eptir vár, um málit Gunnars: hvárt þeir nafnar hefði farit með þann hug til fundar, at vinna á Gunnari, ef þeir mætti; en allir báru þat skjótt, at

<sup>1</sup> og sagde ikke meget dertil; leggja til, d. e. ytre sig, sige sin Mening, når der rådslås eller forhandles om én eller anden Sag. <sup>2</sup>dóm betyder ikke blot Domslutningen, men også Indbegrebet af de dömmende Personer, eller Stedet, hvor de ere forsamlede, når de skulle dömme, omrent hvad vi kalde Retten. <sup>3</sup>frembære, fremføre. <sup>4</sup>Vidnesbyrd om at Sagen var lovlig lyst, forkynkt eller fremsat for Retten. <sup>5</sup>Rydning, d. e. Vragnet, Forkastelse. <sup>6</sup>kviðr (af kved, siger) er egeatlig Vidernes Udsagn, men også Indbegrebet af Vidnerne, og s.d. synes det at bruges her. Et ganske forskjelligt Ord er kviðr, Moderliv. <sup>7</sup>E. i Ha., en siddenes (Del). jf. á deyjanda degi, på den døendes Dag, på sin Dødsdag. <sup>8</sup>krævede (ud af Vidernes Mitte), d. e. forkastede. <sup>9</sup>et bjærgende Vidnesbyrd (ist. f. et fældende).

þat hefði verit; kallaði Njáll þetta lögvörn fyrir málit, ok kvaðst myndu frambera vörnina, nema þeir legði<sup>1</sup> til sætta<sup>2</sup>.

Voru í þessu þá margir höfðingjar, at biðja sættanna, ok fækst þat af, at 12 menn skyldu gera um málit, gengu hvártveggju þá, ok handsöluðu þessa sætt. Eptir þat var gert um málit, ok kvedít á fegjöld; ok skyldi allt greidt þegar þar á þíngi, en Gunnarr skyldi fara utan ok Kolskeggr, ok vera í brotu 3 vetr, en ef Gunnarr fóri eigi utan, ok mætti hann komast, þá skyldi hann dræpr fyrir frændum ens vegna.

Gunnarr lét ekki á sik finna at hánum þötti eigi góð sættin. Gunnarr spurði Njál at fe því, er hann hafði fengit honum til varðveisizlu. Njáll hafði ávaxtað feit, ok greiddi þá fram allt feit, ok stóðst þat á endum, ok þat er Gunnarr átti at gjalda fyrir sik.

Riða þeir nú heim. Þeir Njáll ok Gunnarr riðu bádir samt af þíngi; þá mælti Njáll til Gunnars: gerðu svá vel, felagi, at þú halt sætt þessa, ok mun hvat við höfum viðmælzt, ok svá sem þer varð hin fyrri utanferð mikiliga<sup>3</sup> til seemdunar, þá man þer verða þessi miklu meir til seemdunar, muntu koma út með mikilli mannvirðingu, ok verða maðr gamall, ok mun eingi maðr her þá á sporði þer

<sup>1</sup> nl, Sagen. <sup>2</sup>Forlig, mindelig Afgjörelse af uvillige Mænd, uden Doms Afsigelse af Retten. <sup>3</sup>rettet for mikil, som rimeligtvis er det samme Ord, blot med utydeligt ell. udeglemt Forkortelsesmærke over 1.

standa; en ef þú ferr eigi utan, ok rýfr sætt þína, þá mantu drepinn vera her á landi, ok er þat illt at vita, þeim er vinir þínir eru. Gunnarr kvaðst ekki ætla at rjúfa sættir. Gunnarr riðr heim ok sagði sættina, Rannveig kvað vel at hann færí utan, ok ætti þeir við annan at deila fyrst.

76... Þeir voru menn frumvaxta, synir Gunnars, Högni ok Grani, þeir voru menn óskaplískir, hafði Grani mikit af skaplyndi móður sinnar, en Högni var vel at ser. Gunnarr lætr flytja vöru<sup>1</sup> þeirra brœðra til skips, ok þá er öll faung<sup>2</sup> Gunnars vorn komin, ok skip var mjök búit, þá riðr Gunnarr til Bergþórshváls ok á aðra bœi at finna menn, ok þakkaði liðoveizlu öllum þeim, er honum höfðu lið veitt. Annan dag eptir býr hann snemmidis ferð sína til skips, ok sagði þá öllu liði at hann myndi riða í brot alfarí<sup>3</sup>, ok þótti mönnum þat mikit, en væntu þó tilkvámu hans síðar.

Gunnarr hverfr til allra manna, er hann var búinn; gengu menn út með hánum allir; hanu stíngi niðr atgeirinum, ok stiklar í söðulinn, ok riða þeir Kolskeggr í brot; þeir riða fram með Markarfljóti, þá drap hestr Gunnars fæti, ok stökk hann af baki, hánum varð litið upp til hlíðarinnar<sup>4</sup>, ok bœjarins at Hlíðarenda, ok mælti: fögr er hlíðin,

<sup>1</sup> Vare, Gods, nl. som de skulde sælge og leve af udenlands, ist. f. Rejsepenge. <sup>2</sup>Sager, Tøj. <sup>3</sup>Et sjældent Bi., om ikke en Skriftefjl, for det brug. To. alfarinn, (som drager bort) med alle. <sup>4</sup>Lien, nl. den hvoraf Gårdens Lidarende har Navn.

svá at mer hefir hon aldri jafnfögr sýnt, bleikir akrar en slegin tún, ok man ek riða heim aptr ok fara hvergi. Gerðu eigi þann óvina fagnað, segir Kolskeggr, at þú rjúfir sætt þína, þvíat þer myndi engi maðr þat ætla, ok munu þat ætla mega, at svá man allt fara, sem Njáll hefir sagt. Hvergi man ek fara, ok svá vilda ek at þú gerðir, segir Gunnarr. Eigi skal þat<sup>1</sup>, segir Kolskeggr, hvárki skal ek á þessu níðast ok á öngu öðru, því er mer er tiltrúat, ok man sjá einn lutr svá vera, at skilja man með okkr, en sag þat fræendum mínum ok móður minni, at ek ætla ekki at sjá Ísland, þvíat ek mun spyrja þik láttinn, frændi! ok heldr mik þá ekki til útferðar. Skilr þá með þeim, riðr Gunnarr heim til Hlíðarenda, en Kolskeggr riðr til skips, ok ferr utan. Hallgerðr verðr fegin Gunnari, er hann kom heim, en móðir hans lagði fátt til.

Gunnarr sitr nú heima þetta haust ok vetrinn, ok hafði ekki mart manna með ser; líðr nú vetr or garði. Ólafr pái bauð Gunnari með ser at vera ok Hallgerði, en fá bú í hendr móður sinni ok Högsna syni sínum. Gunnari þótti fýsiltig fyrst, ok játaði því, en þá er atkom, þá vildi hann eigi.

En á þíngi um sunnarit lýsa þeir Gizurr sekt hans at lögbergi, en áðr þínglausnir<sup>2</sup> våru, stefndi Gizurr öllum úvinum Gunnars í Almánnagjá, en þeir rèðu atför við Gunnar... ok höfðu handtak at, ok lögðu við sekt, ef nokkurr gengi yr. Mörðr skyldi

<sup>1</sup> nl. verða, skje. <sup>2</sup>Tingets Oplasning. Hu. i Fl. ist. f. Eat.

halda njósnum, nær bezt gæfi fóri á hánom, ok várn þeir 40 manna í þessu sambandi, þótti þeim ser nú myndu lítið fyrir at veiða<sup>1</sup> Gunnar, er á brotu<sup>2</sup> var Kolskeggr ok Práinn ok margir aðrir vinir Gunnars.

Riðu menn heim af þíngi. Njáll fór at finna Gunnar, ok sagði hánom sekt hans ok ráðna atförl við hann. Vel þíkki mer þer fara<sup>3</sup>, segir Gunnarr, þú gerir mik varan við. Nú vil ek, segir Njáll, at Skarphedinn fari til þín, ok Höskuldr son minn, ok munu þeir leggja sitt líf við þitt líf. Eigi vil ek, segir Gunnarr, at synir þínir sé drepnir fyrir mínar sakir, ok áttu annat at mer. Fyrir ekki man þat<sup>4</sup> koma, segir Njáll; þángat man snúit vandræðum, þá er þú ert láttinn, sem synir mínr eru. Eigi er þat ólfskligt, segir Gunnarr, en eigi vilda ek at þat hlytist af mer til; en þess vil ek biðja, at þer sjáit á með Högna syni mínum; en ek tala ekki til Grana, því at hann gerir ekki mart at mínu skapi. Reið Njáll heim, ok hét því.

Þat er sagt at Gunnarr reið til allra mannfunda ok lögþinga, ok þorðu aldri úvinir hans á hann at ráða; fór svá fram nokkura hrifð, at hann fór sem úsekr maðr.

<sup>1</sup> fiske, fange i Garn, fig. fá dræbt. <sup>2</sup> ellers brotu, men Formen med enkelt t ligger nærmere ved Oprindelsen af No. braut, Vej, Sti, á brautu, på Vejen, borte. <sup>3</sup> Se S. 100. Ann. 4, <sup>4</sup>dét, d. e. den Forsigtighed ell. Omhu af dig.

77. Um haustit sendi Mörðr Valgarðsson orð, at Gunnarr mundi vera einn heima, en lið allt myndi vera niðri í eyjum at lúka heyverkum. Riðu þeir Gizurr hvíti ok Geirr goði austri yfir ár, þegar þeir fréttu þat, ok austri yfir sanda til Hofs. Þá sendu þeir orð Starkaði undir Þrífyrningi, ok fundust þeir þar allir, er at Gunnari skyldu fara, ok réðu hversu at skyldi fara.

Mörðr sagði at þeir mundu eigi koma á úvart Gunnari, nema þeir tæki bónda af næsta bö, er Þorkell hét, ok lèti hann fera nauðgan með ser, at taka hundinn Sám, ok fóri hann heim einn á bönnin. Fóru þeir síðan austr til Hliðarenda, ok sendu eptir Þorkatli; þeir tóku hann höndum, ok gerðu hánnum tvá kosti, at þeir mundu drepa hann, ella skyldi hann taka hundinn, en hann keyri heldr at leysa líf sitt, ok fór með þeim.

Traðir<sup>1</sup> våru fyrir ofan garðinn at Hliðarenda, ok námu þeir þar staðar með flokkinn; Þorkell bóndi gekk heim á bönnin, ok lá rakkinn á húsum uppi, ok teygir hann rakkann á brot með ser í geilar<sup>2</sup> nokkurar; í því ser hundrinn, at þar eru menn fyrir, ok leypr á hann Þorkel upp, ok grípr náran<sup>3</sup>. Önundr or Tröllaskógi hjó með öxi í höfuð hundinum, svá at allt kom í heilann. Hundrinn

<sup>1</sup> Indkørsel med Gærde på begge Sider, Gyde ind til en Gdrd. <sup>2</sup> Omrent d. s. traðir, men måskje snarere en naturlig Fordybning i Vejen med höj Bakke på begge Sider.

<sup>3</sup> Det tynde Liv, Lysken.

kvað við hátt, svá at þat þótti þeim með údæmum miklum vera, ok fèll hann dauðr niðr.

78. Gunnarr vaknaði í skálanum, ok mælti: sárt ertu leikinn, Sámr fóstri, ok [má vera<sup>1</sup>] svá se tilætlat, at skamt skyli okkar í meðal. Skáli Gunnars var gerr af viði einum, ok súðþaktr utan ok gluggar<sup>2</sup> ljá brúnásunum, ok snúin þar fyrir speld<sup>3</sup>. Gunnarr svaf í lopti einu í skálanum, ok Hallgerðr ok móðir hans.

Þá er þeir komu at, vissu þeir eigi hvárt Gunnarr myndi heima vera, ok báðu at einnhverr mundi fara heim fyrir, ok vita hvers víss yrði, en þeir settust niðr á völliinn. Þorgrímr austmaðr gekk upp á skálann, Gunnarr ser at rauðan kyrtil bar við glugginn, ok leggr út með atgeirinum á hann miðjan; Þorgrími skruppu fötnir, ok varð lauss skjöldrinn, ok hrataði hann ofan af þekjunni, gengr hann síðan at þeim Gizuri, er þeir sátu á vellinum. Gizurr leit við hánom ok mælti: hvárt er Gunnarr heima? Þorgrímr sagði: vitið þer þat, en hitt vissa ek at atgeirr hans er heima; síðan fèll hann niðr dauðr.

Þeir sóttu þá at húsunum. Gunnarr skaut út örnum at þeim, ok varðist vel, ok gátu þeir ekki atgert, þá hljópu sumir í húsin, ok ætluðu þaðan at sökja, Gunnarr kom þágat at þeim örunum, ok gátu þeir ekki atgert, ok fór svá fram um hríð.

<sup>1</sup> Gættet for búð B, D; mun svá tilætlat C. <sup>2</sup> Udg. har her glavggar ved en Trykfejl ell. Skriefejl. <sup>3</sup> I. i Fl.

Þeir tóko hvíld, ok sóttu at í annat sinn. Gunnarr skaut enn út, ok gátu þeir ekki atgert, ok hrukku frá í annat sinn, þá mælti Gizurr hvíti: sökjum at betr, ekki verðr af oss. Gerðu þeir þá hríð ina þriðju, ok væru við lengi, eptir þat hrukku þeir frá. Gunnarr mælti: ör liggr þar úti á vegginum, ok er sú af þeirra örum, ok skal ek þeirri skjóta til þeirra, ok er þeim þat sköm, ef þeir fá geig af væpnum sínum. Móðir hans mælti: ger þú eigi þat, son minn, at þú vekir, þá er þeir hafa áðr fráhorfit. Gunnarr þreif örina, ok skaut til þeirra, ok kom á Eylif Önundarson, ok fèkk hann af sár mikit; hann hafði staðit einn saman, ok vissu þeir eigi at hann var særðr. Hönd kom þar út, segir Gizurr, ok var á gullhríngr, ok tók ör er lá á þekjunni, ok myndi eigi út leitað viðsánga, ef gnógt væri inni, ok skulu þer nú sökja at. Mörðr mælti: brennu ver hann inni! Þat skal verða aldri, segir Gizurr, þótt ek vita at líf mitt liggi við, er þer sjálfrátt at leggja til ráð þau er dugi, svá slægr maðr sem þú ert kallaðr.

Strengir lágu á vellinum, ok væru hafðir til at festa með hús jafuan. Mörðr mælti: töku ver strengina, ok berum um áss-endana<sup>1</sup>, en festum aðra endana um steina, ok snúum í vindása, ok vindum af ræfrít af skálanum; þeir tóku strengina, ok veittu þessa umbúð alla, ok fann Gunnarr eigi fyrr, en

<sup>1</sup> Herved må rimeligvis tankes på begge Enden af Ryggen, til hvilken Sparerne være fæstede, ligesom hele Taget igjen til disse.

þeir höfðu undit allt þakit af skálanum. Gunnarr skýtr þá af boganum, svá at þeir komust aldri at hánnum. Þá mælti Mörðr í anuut sinu, at þeir myndi brenna Gunnar inni. Gizurr mælti: eigi veit ek hví þú vill þat mæla er engi vill annarra, ok skal þat aldri verða.

I þessu bili hleypr upp á þekjuna Þorbrandr Þorleiksson, ok höggr í sundr bogastrengjun Gunnars, Gunnarr þífr atgeirinn báðum höndum, ok suýst at hánom skjótt, ok rekr í gegnum hann, ok kastar hánom á völlinn. Þá ljóp upp Ásbrandr bröðir hans, Gunnarr leggr til hans atgeirinum, ok kom hann skildi fyrir sik, atgeirinum rendi í gegnum skjöldinn, en brotnuðu báðir handleggirnir, ok felli hann út af vegginum, áðr hafði Gunnarr sárt 8 menn, en vegit þá två; þá fèkk Gunnarr sár tvau, ok sögðu þat allir menn, at hann brygði ser hvárt við sár ne við bana.

Hann mælti til Hallgerðar: fá mer leppa två or hári þínú, ok snúit þit móðir míni saman til bogastrengs mer. Liggr þer nokkut við? segir hon. Líf mitt liggr við, segir hann, þvíat þeir munu mik aldri fá sótt, meðan ek kem boganum við. Þá skal ek nút, segir hon, muna þer kinnhestinn, þann er þú laust mik, ok hirði ek aldri hvárt þú verr þík lengr eða skemr... Hefir hverr til síns ágætis nokkut, segir Gunnarr, ok skal þík þessa eigi lengi biðja. Rannveig mælti: illa ferr þer, ok mun þín sköm lengi uppi.

Gunnarr varði sik vel ok frœknliga, ok særir nú aðra 8 menn, svá stórum sárum at mörgum lá

við bana. Gunnarr verr sik, þarfíl er hann fèll af meði; þeir særdu hann mörgum stórum sárum, en þó komst hann or höndum þeim, ok varði sik þá emu lengi; en þó kom þar at þeir drápu hann.

Gizurr mælti: mikinn öldung höfum ver nú at velli lagt, ok hefir oss erfst veitt, ok mun hans vörn uppi, meðan landit er bygt. Síðan gekk hann til fundar við Rannveigu ok mælti: viltu veita mönnunum vårom 2 jörð, er dauðir eru, ok se her heygðir? At heldr tveimr, at ek mynda gjarna veita yðr öllum, segir hon. Varkunn er þat, segir hann, er þú mælir þat, þvíat þú hefir mikils mist, ok kvað á at þar skyldi öngu ræna ok öngu spilla...

Vig Gunnars spurðist, ok mæltist illa fyrir um allar sveitir, ok var hann mörgum manni harmdauði.

### Njálsbrenina.

117. Flosi reið þaðan<sup>1</sup>, í Ossabæ. Hildigunnir var úti ok mælti: nú skulu allir heimamenn míni vera úti, er Flosi riðr í garð, en konur skulu ræsta<sup>2</sup> húsin ok tjálfa, ok búa Flosa öndugl. Síðan reið Flosi í túnit, Hildigunnir sneri at hánom ok mælti: kom heill ok sæll, frændi, ok er fegit orðit hjarta mitt tilkvámu þinni. Her skulu ver, segir Flosi, eta dagverð, ok riða síðan<sup>3</sup>; þá várú

<sup>1</sup> Fra Dal, hvor Runolf boede. <sup>2</sup> feje, rense, rydde op-  
<sup>3</sup> nl. videre omkring at søger Bistand hos unseelige Mænd, til at udføre Drabssagen efter Höskuld Hvidenæsgode, Hil-

bundnlr hestar þeirra. Flosi gekk inn í stofuna, ok settist niðr, ok kastaði í pallinn undan ser há-sætinu, ok mælti: hvárki em ek konungr ne jarl, ok þarf ekki at gera hásæti undir mer, ok þarf ekki at spotta mik. Hildigunnr var nærstödd, ok mælti: þat er illa ef þer mislikar, þvíat þetta gerðum ver af heilum hug. Flosi mælti: ef þú hefir heilan hug við mik, þá mun sjálft lofa sik ef vel er, enda mun sjálft lasta sik ef illa er. Hildigunnr hló kaldahlátr<sup>1</sup> ok mælti: ekki er enn mark at, nærr munu við gángast enn, áðr lýkr<sup>2</sup>. Hon settist niðr hjá Fosa, ok töludu þau lengi hljótt.

Síðan våru borð tekin, en Flosi tók handlaug-  
ar ok lið hans. Flosi [hugði at<sup>3</sup> handklaðinu, ok  
var þat [raufar einar<sup>4</sup>, ok numit<sup>5</sup> til annars endans;  
hann kastaði<sup>6</sup> í bekkinn, ok vildi eigi þerra ser á,  
ok reist<sup>7</sup> af borðdúkinum, ok þerði ser þará, ok  
kastaði til sinna manna. Síðan settist Flosi undir  
borð, ok bað menu eta.

Þá kom Hildigunnr í stofu, ok gekk fyrir  
Fosa, ok greiddi hárit frá augum ser, ok grét;

---

*degunnes Mand, imod Drabsmændene, Njals Sønner og hans Svigersøn Kåre.*

<sup>1</sup> kold, spodsk Latter. <sup>2</sup>förend det er forbi, förend En-  
den tager, d. e. förend hun slik ham tilstrakkelig ophidset  
til at tage Blodhævn, ist. f. at sige Sagen for Retten. Hun  
mærkede nl. at han var fredelig stemt, i Folge en Samtale  
med Runolf i Dal. <sup>3</sup>så på, betragtede. <sup>4</sup> lutter Huller.  
<sup>5</sup>taget, betaget, d. e. afstumpet, afskåret ell. afrevet. <sup>6</sup>nl.  
det. <sup>7</sup>nl. et Stykke.

Flosi mælti: skapþúnt er þer nú, frændkona, er  
þú grætr; en þó er þat vel er þú grætr góðan  
mann. Hvert eptirmæli skal ek af þer hafa, segir  
hon, eða liðveizlu? Flosi mælti: sökja mun ek mál  
þitt til fullra laga, eða veita til þeirra sætta, er  
góðir menn sjá at ver sem vel semdir af í alla  
staði. Hon mælti: hefna myndi Höskuldr þín, ef  
hann aðtti eptir þik at mæla. Flosi svaraði: eigi  
skortir þik grimmleik, ok sèð er hvat þú villt.  
Hildigunnur mælti: minna hafði misgert Arnórr Örn-  
ólfsson yr Forsárskogum við Þórð Freysgoða föður  
þinn, ok vægu broðr þínir hann á Skaptafells-Þíngi,  
Kolbeinn ok Egill.

Hildigunnur gekk þá fram í skálann, ok lauk  
upp kistu sinni; tók hon þá upp skikkjuna, Flosa-  
naut, ok í þeirri hafði Höskuldr veginn verit, ok  
hafði hon þar varðveitt í blóðit allt; hon gekk þá  
innar í stofuna með skikkjuna, hon gekk þegjandi  
at Fosa, þá var Flosi métr ok afborit af borðinu.  
Hildigunnur lagði yfir Fosa skikkjuna, dundi þá  
blóðit um hann allan; hon mælti þá: þessa skikkju  
gaf þú, Flosi, Höskuldi, ok vil ek nú gefa þer  
aptr, var hann í þessi veginn; skýt ek því til guðs  
ok góðra manna, at ek serि þik fyrir alla krapta  
Krists þíns, ok fyrir manndóm ok karlmensku þína,  
at þú hefair þeirra allra sára, sem hann hafði á  
ser dauðum, eða heit hvers mauns nfordingr ella!

Flosi kastaði af ser skikkjunni, ok rak í fáng  
henni, ok mælti: þú ert et mesta forað, ok vildir  
at ver tökkim þat upp, er öllum oss gegrnir verst,  
ok eru köld kvennaráð. Fosa brá svá við, at hann

var í andliti stundum sem blóð, en stundum fölr semi gras<sup>1</sup>, en stundum blár sem hel.

125... Kerlíng var sú at Bergþórshváli, er Sæunn hét, hon var fróð at mörgu ok framsýn, en þá var hon gömul mjök, ok kölluðu Njálssynir hana gamalöra, er hon mælti mart, en þó gekk þat sumt eptir.

Þat var einn dag at hon þreif lurk í hönd ser, ok gekk upp um hús at arfasátu einni, hon laust arfasátuna, ok bað hana aldri þrifast, svá vesöl sem hon var. Skarphéðinn hló at, ok spurði, hví hon abbaðist<sup>2</sup> uppá arfasátuna. Kerlíngin mælti: þessi arfasáta mun tekin, ok kveyktr við eldr, þá er Njáll bóndi er innibrendr ok Bergþóra fóstra mín, ok beri þer hana á vatn, segir hon, eða brennið hana upp sem skjótast. Eigi munu ver þat gera, segir Skarphéðinn, þvíat fast mun annat til eldkveykna, ef þess verðr auðit, þótt hon se eigi. Kerlíng klifaði allt sumarit um arfasátuna, at inn skyldi bera, ok fórst þat fyrir ávalt.

129. Nú talar Flosi við sína menn, nú munu ver riða til Bergþórshváls, ok koma þar fyrir mat-

<sup>1</sup> Udg. har grass, efter D, en Skrivemåde, som ikke vides at have nogen Grund. <sup>2</sup> ellers amaðist B.

mál, þeir gera nú svá. Dalr var í hválínum, ok riðu þeir þangat, ok bundu þar hesta sína, ok dvöldust þar, til þess er mjök leið á kveldit. Flosi mælti: nú skulu ver gánga heim at bönum, ok gánga þraungt, ok fara seint, ok sjá hvat þeir taki til ráðs.

Njáll stóð úti ok synir hans ok Kári ok allir heimamenn, ok skipuðust fyrir á hlaðinu, ok varu þeir nær 30. Flosi nam stað, ok mælti: Nú skulu ver athyggja hvat þeir taka ráðs, þvíat mer lízt svá, ef þeir standa úti fyrir, sem við munim þá aldri sótta<sup>1</sup> geta. Þá er vår för ill, segir Grani Gunnarsson, ef ver skulum eigi þora at at sökja. Þat skal ok eigi vera, segir Flosi, ok munu ver at sökja, þótt þeir standi úti, en þat afráð munu ver gjalda, at margir munu eigi kunna frá at segja, hvárir sigrast.

Njáll mælti til sinna manna, hvat sjái þer til hversu mikil lið þeir hafa? Þeir hafa baði mikil lið ok harðsnúit, segir Skarphéðinn; en því nema þeir þó nú stað, at þeir ætla at þeim muni illa sökjest at vinna oss. Þat mun ekki vera, segir Njáll, ok vil ek at menn gángi inn, þvíat illa sóttist þeim Gunnarr at Hliðarenda, ok var hann einn fyrir, en her eru hús ramlig, sem þar varu, ok munu þeir eigi skjött sökja. Þetta er ekki þannveg at skilja, segir Skarphéðinn, þvíat Gunnar sóttu heim þeir höfðingjar, er svá varu vel at ser, at heldr

<sup>1</sup> Lid. Tf. i Fls. G. isted, for Bif. sótt.

vildu fráhverfa, en brenna hann inni; en þessir munu þegar sökja oss með eldi, er þeir megu eigi annan veg; þvíat þeir munu allt tilvinnu, at ysftaki við oss; munu þeir þat ætla, sem eigi er úlikligt, at þat se þeirra bani, ef oss dregr undan; ek em ok þess ófuss, at láta svæla<sup>1</sup> mik inni sem melrakka í greni.

Njáll mælti: nú mun sem optar, at þer munu [bera mik ráðum<sup>2</sup>, synir mínir, ok virða<sup>3</sup> mik engis, en þá er þer várð yngri gjördut þer þat eigi, ok fór yðart ráð þá betr fram. Helgi mælti: gerum ver sem faðir vár vill, þat mun [oss bezt gegna<sup>4</sup>. Eigi veit ek þat víst, segir Skarphedinn, þvíat hann er nú feigr; en vel má<sup>5</sup> ek gera þat til skaps föður míns, at brenna inni með hánom, þvíat ek hraðumst ekki dauða minn.

Hann mælti þá við Kára: fylgjumst vel, mágr, svá at engi skílist við annan. Þat hefi ek ætlat, segir Kári, en ef annars verðr auðit, þá mun þat verða fram at koma, ok mun ek ekki mega við því gera. Hefndu vár, en ver þín, segir Skarphedinn, ef ver lifum eptir. Kári kvað svá vera skyldu.

Gengu þeir þá inn allir, ok skipuðust í dyrrin<sup>6</sup>. Flosi mælti: nú eru þeir feigir, er þeir hafa inngengit, ok skulu ver heim<sup>7</sup> gánga sem skjótast, ok skipast sem þykkvast fyrir dyrrin, ok

<sup>1</sup> kvæle ved tyk, stinkende Røg, som også kaldes svæla.  
<sup>2</sup> overvælde mig med Råd, Rådighed, Myndighed, d. e. tagc Magien fra mig.  
<sup>3</sup> agte.  
<sup>4</sup> tjene os bedst, være os tjenligst.  
<sup>5</sup> kan.  
<sup>6</sup> I i Fl. med Kjo. (71).  
<sup>7</sup> ind til Gården.

geyma þess at engi komist í braut, hvárki Kári ne Njáls-synir, þvíat þat er vár bani. Þeir Flosi komu nú heim, ok skipuðust umhverfis húsin, ef nokkur ar væri laundyr<sup>1</sup> á. Flosi gekk framan at húsunum ok hans menn.

Hróaldr Özurarson hljóp þarat, sem Skarphedinn var fyrir, ok lagði til hans. Skarphedinn hljó spiðtít af skapti fyrir hánom, ok hljó til hans, ok kom öxin ofan í skjöldinn, ok bar at Hróaldi þegar allan skjöldinn, en hyrnan sú in fremri tók andlit, ok fell hann á bak aptr, ok þegar dauðr. Kári mælti: lítt<sup>2</sup> dró enn undan við þik<sup>3</sup>, Skarphedinn, ok ertu vár<sup>4</sup> fræknastr. Eigi veit ek þat víst, segir Skarphedinn, ok brá við grönnum, ok glotti at. Kári ok Grímr ok Helgi lögðu út mörgum spjótum, ok særðu marga menn, en Flosi ok hans menn fengu ekki atgert.

Flosi mælti: ver höfum fengit mikinn mannskaða á mönnum várum, eru margir sárir, en sá veginn er ver myndim sízt tilkjósa; er nú þat sèð, at ver getum þá eigi með våpnum sótta<sup>5</sup>; er nú sá margr, er eigi gengr jafnsköruliga at, sem létu, en þó eggjuðu mest; mæli ek þetta mest til Grana Gunnarssonar ok Gunnars Lambasonar, er ser létu verst eira, en þó munu ver nú verða at gera annat ráð fyrir oss. Eru nú tveir kostir til, ok er hvár-

<sup>1</sup> Hu. i Fl. (71). <sup>2</sup> langt fra, ingenlunde (jf. S. 29. Anm. 9).

<sup>3</sup> unddrog (det) endnu (Angriberen) for dig, upers., eller undslap (din Fjende) dig endnu.

<sup>4</sup> af os, E. i Fl. af ek,

<sup>5</sup> Jf. S. 121, Anm. 1.

gi<sup>1</sup> góðr, sá annarr at hverfa frá, ok er þat várri bani; hinn annarr at bera at eld, ok brennia þá inni, ok er þat stórr ábyrgðarlútr fyrir guði, er ver erum menn kristnir sjálfir, en þó munu ver þat bragðs taka.

130. Þeir tóku nú eld, ok gerðu bál mikit fyrir dyrunum; þá mælti Skarphedinn: eld kveykit þer nú, sveinar, eða hvárt skal nú búa til seyðis<sup>2</sup>? Grani Gunnarsson svaraði: svá skal þat vera, ok skaltu eigi þurfa heitara at baka<sup>3</sup>. Skarphedinn mælti: því launar þú mer, sem þú ert maðr til, er ek hefnda föður þíns, ok virðir þat meira, er þer er óskyldara.

Þá báru konur sýru<sup>4</sup> í eldinn, ok slöktu niðr fyrir þeim, sunnar báru vatn eða hland. Kolr Þorsteinsson mælti til Flosa: ráð kemr mer í hug, ek hefi sèð lopt í skálanum á þvertrjám, ok skulu ver þar innbera eldinn, ok kveykja við arfasátu, þá er her stendr fyrir ofan húsín. Síðan tóku þeir arfasátuna<sup>5</sup>, ok báru í<sup>6</sup> eld; fundu þeir eigi fyrr, er inni várur, en logaði ofan allr skálinn.

Gerðu þeir Flosi þá stór bál fyrir öllum dyrum, tók þá kvennafólkit illa at þola, þat sem inni var. Njáll mælti til þeirra: verdit vel við, ok mæl-

<sup>1</sup> d. s. s. hvàrigir (113). <sup>2</sup> Kågning. <sup>3</sup> varme dig, som man gör om Vinteren for en åben Ild eller Lerkekakelovn. (jf. S. 26, Anm. 1). <sup>4</sup> sur Valle, som blandet med Vand er den sædv. Drik i Island, og derfor især haves i Forråd. Mysa er Valle i Almindelighed. <sup>5</sup> nl. og bragde ind på Loftet. <sup>6</sup> nl. den, d. e. deri.

it eigi æðru, því at èl eitt mun vera, ok skyldi lángt til annars slíks; trúið þer ok því, at guð er svá miskunnsamr, at hann mun oss eigi bæði brennia láta þessa heims ok annars. Slíkar fortölur hafði hann fyrir þeim ok aðrar hraustligri. Nú taka öll húsin at loga, þá gekk Njáll til dyra, ok mælti: hvárt er Flosi svá nær, at hann megi heyra mál mitt? Flosi kvaðst heyra mega. Njáll mælti: villt þú nokkut taka sættum við sonu mína, eða leyfa nokkurum mönnum útgaungu? Flosi svarar: eigi vil ek við sonu þína sættum taka, ok skal nú yfir-lúka með oss, ok eigi fyrr frágánga, en þeir eru allir dauðir, en losa vil ek útgöngu konum ok börnum ok húskörlum.

Njáll gekk þá inn, ok mælti við fólkit: nú er þeim út at gánga öllum, er leyft er, ok gakk þú út, Þórhalla Ásgrímsdóttir, ok allr lýðr með þer, sá er lófat er. Þórhalla mælti: annarr verðr nú skilnaðr okkar Helga, en ek ætlaða um hríð, en þó skal ek eggja föður minn ok bræðr, at þeir hefni þessa mannskaða, er her er gerr. Njáll mælti: vel mun þer fara, þvíat þú ert góð kona. Síðan gekk hon út ok mart lið með henni.

Ástríðr af Diúpbakka mælti við Helga Njáls-son: gaktu út með mer, ok mun ek kasta yfir þík kvennskikkju, ok falda þík með höfuðdúki, hann taldist undan fyrst, en þó gerði hann þetta fyrir bœn þeirra. Ástríðr vafði höfuðdúki at höfði Helga, en Þórhildr kona Skarphedins lagði yfir hann skikkjuna, ok gekk hann út á meðal þeirra, ok þá

gekk út þorgerðr Njáldsdóttir ok Helga systir hennar ok mart annat fólk.

En er Helgi kom út, mælti Flosi: sú er hákona ok mikil um herðar, er þar fór, takit ok haldit henni. En er Helgi heyrði þetta, kastaði hann skikkjunni; hann hafði haft sverð undir hendi ser, ok hjó til manns, ok kom í skjöldinn, ok afsporðinn ok fótinn af manninum. Þá kom Flosi at, ok hjó á hálsinn Helga, svá at þegar tók af höfuðit.

Flosi gekk þá at dyrum, ok kallaði á Njál, ok kvæst vildu tala við hann ok Bergþóró. Njáll gerir nú svá. Flosi mælti: útgauungu vil ek bjóða þer, Njáll bóndi; þvíat þú brennur ómakligr inni. Njáll mælti: eigi vil ek útgánga; þvíat ek em maðr gamall, ok lítt tilbúinn at hefna sona minna, en ek vil eiga lisa við sköm. Flosi mælti þá til Bergþóru: gaktu út, húsfreyja, þvíat ek vil þik fyrir öngan mun innibrenna. Bergþóra mælti: ek var úng gefin Njáli, hefi ek því heitið hánum, at eitt skyldi gánga yfir okkr bæði. Síðan gengu þau inn bæði.

Bergþóra mælti: hvat skulu við nú til ráða taka? Gánga munu við til hvílu okkarrar, segir Njáll, ok leggjast niðr, hefi ek lengi værugjarn verit. Hon mælti þá við sveininn Þórð Kárasón: þik skal útbera, ok skaltu eigi innibrenna; hinu hefir þú mer heitið, amma, segir sveinninn, at við skyldim aldrí skilja, meðan ek vilda ljá þer vera, en mer þikkir miklu bétra, at deyja með ykkur Njáli, en lisa eptir; hon bar þá sveininn til hvílunnar. Njáll mælti við brytja sinn, nú skaltu sjá hvar við leggjumst niðr, ok hversu ek bý um okkr, þvíat ek

ætla heðan hvergi at hrærast, hvårt sem mer ángrar reykr eða bruni, máttu nú nær geta, hvar beina okkarra er at leita, hann sagði svá vera skyldu.

Þar hafði slátræð verit uxa einum, ok lá þar húdin, Njáll mælti við brytjann, at hann skyldi breiða yfir þau húdina, ok hann gerði svá; þau leggjast nú niðr bæði í rúmit, ok leggja sveininn í millum sín; þá signdu þau sik ok sveininn, ok fálu guði önd sína á hendi, ok mæltu þat síðast, svá menn heyrði. Þá tók brytinn húdina, ok breiddi yfir þau, ok gekk út síðan...

Skarphedinn sá er faðir hans lagðist niðr, ok hversu hann bjó um sik; hann mælti þá: snemma ferr faðir vár i rekju, ok er þat sem ván er, hann er maðr gamall. Þá tóku þeir Skarphedinn ok Kári ok Grímr brandana, jafnskjótt sem ofan duttu, ok skutu út á þá, ok gekk því um hrifð. Þá skutu þeir spjótum inn at þeim, en þeir tóku öll álopti, ok sendu út aprí; Flosi bað þá hætta at skjóta, þvíat oss munu öll væpnaskipti þúngt gánga við þá; megu þer nú vel biða þess, er eldrinn vinnr þá.

Þeir gera nú svá. Þá félle ofan stórvíðirnir or ræfrinu. Skarphedinn mælti þá: nú mun faðir minn dauðr vera, ok hefir<sup>1</sup> hvárti heyrт til hans styn ne hósta; þeir gengu þá í skálaendann, þar var fallit ofan þvertre, ok brunnit mjök í miðju; Kári mælti til Skarphedins: hlauptu herút, ok mun ek beina at með þer; en ek mun hlaupa þegar

<sup>1</sup> har man, uppersonligt.

eftir, ok munu við þá báðir í brot komast, ef við breytum svá, þvíat híngat leggr allan reykinn. Skarpheðinn mælti: þú skalt hlaupa fyrr, en ek mun þegar á hæla þer. Ekki er þat ráð, segir Kári, þvíat ek komumst vel annarsstaðar út, þótt her gángi eigi. Eigi vil ek þat, segir Skarpheðinn, hlaupu út fyrr, en ek mun þegar eftir. Þat er hverjum manni þoðit, at leita ser lífs, meðan kostr er, segir Kári, ok skal ek ok svá gera, en þá mun þó sá skilnaðr með okkr verða, at við munum aldri sjást síðan; þvíat ef ek hleypr or eldinum, þá mun ek eigi hafa skap til, at hlaupa inn aprí í eldinn til þín, ok mun þá sína leið fara hvárr okkar. Þat hlögir mik, segir Skarpheðinn, ef þú kemst í brot, mágr, attu mun<sup>1</sup> hefna mínn. Þá tók Kári einn setstokk<sup>2</sup> loganda í hönd ser, ok hleypr út eftir þvertrenu, slaungvir hann þá stokkinum út af þekjunni, ok fél hinn at þeim er úti voru syrir; þeir hlupu þá undan. Þá loguðu klæðin öll á Kára, ok svá hárit, hann steypir ser þá út af þekjunni, ok stiklar<sup>3</sup> svá með reykinum. Þá mælti einn maðr, er þár var næstr: hvárt hljóp þar maðr út af þekjunni? Fjarri fór þat, segir annarr, heldr kastaði þar Skarpheðinn eldstokki at oss. Síðan grunuðu þeir<sup>4</sup> þat ekki. Kári hljóp til þess er hann kom at læk einum, hann kastaði ser þarí ofan, ok slökti á ser eldinum, síðan hljóp hann með reykinum

<sup>1</sup>Sál. Udg. D; mant B. <sup>2</sup>et Bænketræ, en Bænkebræde, (tyk og smal). <sup>3</sup>leber med lange Skridt. <sup>4</sup>Ellers upers. mik grunrar.

i gröf nokkura, ok hvíldi sik; ok er þat síðan kölluð Káragröf.

131. Nú er at segja frá Skarpheðni, at hann hleypr út á þvertreit þegar eftir Kára, en er hann kom þar er mest var brunnit þvertreit, þá brast niðr undir hánom. Skarpheðinn kom fótum undir sik, ok röð þegar til í annat sinn, ok rennr upp vegginn, þá reið at hánom brúnássinn, ok hrataði hann inn aprí. Skarpheðinn mælti þá: sét er nú hversu vera vill; gekk hann þá fram með hlíðvegginom.

Gunnarr Lambason hljóp þá upp á vegginn, ok ser Skarpheðinn, hann mælti svá: hvárt grætr þú nú Skarpheðinn? Eigi er þat, segir Skarpheðinn, en hitt er satt at súrnar í augunum; en hvárt er sem mer sýnist, hlærðu? Svá er víst, segir Gunnarr, ok hefi ek aldri fyrir hlegit, síðan þú vátt Þráinn á Markarfljóti. Skarpheðinn mælti: þá er þer her nú minjagriprinn; tók hann þá jaxl or pússi sínum, er hann hafði höggvit or Þráni, ok kastaði til Gunnars, ok kom í augat, svá þegar lá úti á kinninni; fél Gunnarr þá ofan af þekjunni.

Skarpheðinn gekk þá til Gríms bróður síns, hélust þeir þá í hendr, ok tráðu eldinn; en er þeir komu í miðjan skálann, þá fél Grímr dauðr niðr; Skarpheðinn gekk þá til enda hússins, þá varð brestr mikill, brast þá ofan þekjan, varð Skarpheðinn þá þar í millum ok gaflaðsins<sup>1</sup>, mátti hann þá þaðan hvergi hrørast.

<sup>1</sup> For gaflhlaðsins, Brædebeklædningen inden for Gavlvæggen.

Þeir Flosi váru við eldana, þartil er mornat var mjök; þá kom þar maðr einn riðandi at þeim, Flosi spurði hann at nafni, en hann nefndist Geirmundr, ok kvæzt vera frændi Sigfussona: þer hafst mikit stórvirki unnit, segir hanu. Flosi mælti: bæði munu menn þetta kalla stórvirki ok illvirki; en þó má nú ekki athafa. Hversu mart hefir her fyrirmanna látt? segir Geirmundr. Flosi svarar: her hefir látt Njáll ok Bergþóra ok synir þeirra allir, Þórðr Kárason, Kári Sölmundarson, en þá vitu ver ógjörla um fleiri menn, þá er oss eru ókunnari. Geirmundr mælti: dauðan segir þú þann nú, er ver höfum hjalat við í morgin. Hverr er sá? segir Flosi. Kára Sölmundarson fundu við Bárðr búi minn, segir Geirmundr, ok fækki Bárðr hánom hest sinn, ok var brunnit af hánum hárit ok svá klædin. Hafði hann nokkut væpna? segir Flosi. Hafði hann sverðit Fjörsvafni, segir Geirmundr, ok var blánaðr annarr eggteinninn, ok sögðu [við Bárðr<sup>1</sup>] at dignat mundi hafa; en hann svaraði því, at hann skyldi herða í blóði Sigfussona eða annarra brennumanna. Flosi mælti: hvat sagði hann til Skarphedins? Geirmundr svarar: á lífi sagði hann þá Grím báða, þá er þeir skildu, en þó kvað hann þá nú mundu dauða.

Flosi mælti: sagt hefir þú oss þá sögu, er oss mun eigi setugrið bjóða; þvíat sá maðr hefir nú á brot komizt, er næst gengr Gunnari at Hlið-

<sup>1</sup> vi (to) Bárð, d. e. jeg vg Bárð; (jf. S. 35, Ann. 5). sögðu er 1. P. i Fl. ist. f. sögðum, forði Stv. kommer efter.

arenda um alla lut. Skulut er<sup>1</sup> nú þat vita, Sigfús-synir ok aðrir brennumenn, at svá mikti eptirmál mun her verða um brennu þessa, at margan mun þat gera höfnðlausán, en sumir munu gánga frá öllu fenu.

## Af Knytlíngasaga.

Frá Knúti lávarð.

84. Knútr, son Eiríks konungs, hafði hertugadæmi í Heiðabý, sem Eiríkr konúngr saðir hans hafðe gefit hánum; hann var allra manna vinsælastr ok örvastr af fe, ok bezt þokkaðr af alþýðu, þótt Nikolás konúngr eða Magnús son hans hefði ríki meira; því var hann kallaðr Knútr lávarðr. Þat bar mest til vinsælda hans, at hann lét öllum mönnum heimilt fe sitt, er hafa þurstu, en þeir gættu eigi hófs, er hafa vildu, ok urðu framlögir minni í móti, en nauðsyn krafði, ok gekk upp fyrir hánum mjök lausafeit. Ekki var mart um með þeim Nikolási konungi ok Knúti lávarði; ösfunduðu þeir feðgar mjök vinseld Knúts, var þat ok mjök rétt at segja, at hverr maðr í Danmörk vildi svá sitja ok standa

<sup>1</sup> Den ældste Form for þer, N. i Fl. af þú, t. ihr.  
9\*

sem Knútr vildi; var Magnús þó jaðnan færri til hans. Nökkurum vetrum eptir andlát Eiríks konungs andaðist Heinrekr keisari í Saxlandi, var síðan keisari Heinrekr son hans; en er Knútr spurði þat, at Heinrekr móðurbróðir hans var andaðr, en Heinrekr son hans keisari orðinn, þá fýstist hann at finna frænda sinn, keisarann, ok fór hann með virðuligu föruneyti; ok er keisarinn spurði til frænda síns, þá lét hann búa virðuliga veizlu á móti hánnum, ok fagnaði hánnum með blðu, er þeir fundust. Dvaldist Knútr með keisara um hríð í hinum mestum kærleikum ok prís.

85. Þat var eitt sinn, er þeir tölzuðu, Heinrekr keisari ok Knútr lávarðr, þá mælti hertoginu til keisarans: herra! segir hann, ek hefi veitt yðr heimsókn í minni tilkvámu, at sökja at yðr heil ráð fyrir frændsemi sakir, vænti ek her söemdars sem þer erut, ok at þer munit meira meta við mik frændsemi, en viðskipti minna fyrri frænda. En ríki mitt stendr mjök til auðnar, en hugr minn fýsist at halda söendum, vilda ek eigi láta þat vald, er faðir minu fékk mer í hendr; vildum ver gjarna þartil hafa heil ráð af yðr, hversu með skal fara. Keisari svarar: ek hefi spurt vinsæld yðra, ok at þer hafit hvers manns lof, ok er hin mesta nauðsyn at þer fáit ríki yðru haldit ok söendum; nú er þat síðr vár, segir keisarinn, her í Saxlandi, ok enn viða annarsstaðar, at læsa hafnir fyrir landinu, ok taka þar toll af, ok láta aunga ná at leggja skipum sínum í höfnina, nema leigu leggi eptir. Nú kann vera at þetta þikki hart, þar er menn eru óvanir

þessu; en svá mikinn framgáng hefir yður söemd áðr sengit, at mik væntir, at hon mun ekki við þetta mínkast; þvíat þat er ríkra manna síðr viða í löndum, at læsa hafnir fyrir landi sínu, ok taka menn þar stórf eptir, en þat er þó<sup>1</sup> gæzla mikil ríkinu við ófriði. Þarmeð skal ek fá þer nakvat í fjármunum, svá at þú megin halda sóma þínunum fyrir pessa sök. Hertoginn þakkaði keisaranum fyrir sín tillög, ok kallaði vel tilfallit í sínu landi, at læsa hafnir, ok kallaði svá háttat landinu, at þat væri auðvelt viða. Síðan fór hertoginn heim í ríki sitt með stórmannligum fegjöfum ok mörgum sömligum hlutum, er hann hafði þegit af keisara.

